

GREIPUR GÍSLASON
Fer í haustferð á hverju ári í ókunna borg
• á ferðinni
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PÉTUR BEN
Semur tónlist fyrir Bjarnfredarson
Heiður að semja fyrir frábæra mynd.
FÓLK 26



ANDREW LOCKHART
Aldrei séð annað eins
Biðst afsökunar á Iceland Fashion Week.
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. september 2009 — 213. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR


Hjólaði til að afla fjár
Jakob Einar Jakobsson hjólaði hringinn á einni viku til að vekja athygli á Liðsmönnum Jerico.
TÍMAMÓT 16

Ævintýri líkast
Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður sótti innblástur í Rauðhettu.
FÓLK 20

Leiðin frá ánauðinni
„Einn lykillinn að lausninni er sú að skilgreina björgunar- aðgerðirnar sem félagslega aðgerð en ekki fjárhagslega“, skrifar Jón Gunnarsson.
Í DAG 14

Titillinn nánast í höfn
Valsstúlkur tóku stórt skref í átt að því að verja titillinn með sigri gegn Stjórnumstúlkum.
ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTR Í dag verða suð-vestan 3-8 m/s. Léttskýjað á Norð- austur- og Austurlandi, annars skýjað með köflum og úrkomulítið í fyrstu. Vaxandi væta sunnan og vestan til síðdegis.
VEÐUR 4

Mýksti brauðosturinn á markaðnum

ostur.is

Verðtrygging miðist við laun

Joseph Stiglitz segir verðtryggð lán áhættusamninga sem stjórnvöld hefðu átt að vara við. Heppilegra væri að binda lánin við launapróun en próun verðlags. Skynsamleg leið sem við erum að kanna, segir ráðherra.

EFNAHAGSMÁL Verðtryggð húsnæðislán, sem og gengistryggð lán, eru áhættusamningar, sem stjórnvöld hefðu átt að vara almenning við. Þau eru gölluð vara, sem stjórnvöldum ber að endurskoða. Þetta segir Joseph Stiglitz, Nóbels-verðlaunahafi í hagfræði.

Hann segir að tengja ætti verðtryggingu lána við launavísitölu, ekki vísitölu neysluverðs eins og nú er gert. Breyta verði kerfinu og gefa fólki færi á að byrja upp á nýtt, og það verði að gera fljótlega.

„Það er spursmál um skilvirkni, félagslegt réttlæti, félagslega samstöðu og réttsýni,“ segir Stiglitz í samtali við Fréttablaðið. Mikilvægt sé að leiðrétta skuldir heimilanna án þess að þeir sem ekki hafi tekið áhættu í fjármálum þurfi að borga brúsann.

Íslenska reynslan af hruninu kallar á að nýtt verkfæri verði skapað sem tekur á því þegar laun lækka um leið og verðlag hækkar, segir Stiglitz.

„[Verðtryggingin] tryggði að bankamennirnir fengju útlán sín endurgreidd, en það gleymdist að bankamenn geta því aðeins fengið greitt að lántakinn sé á lífi. Það var eiginlega ákveðið að drepa lántakandann.“

JOSEPH STIGLITZ
NÓBELSVERÐLAUNAHAFI Í HAGFRÆÐI

Í stað þess að binda upphæð lána við neysluverð eins og nú sé gert væri betra að binda hana við launapróun í landinu.

„[Verðtryggingin] tryggði að bankamennirnir fengju útlán sín endurgreidd, en það gleymdist að bankamenn geta því aðeins fengið greitt að lántakandinn sé á lífi. Það var eiginlega ákveðið að drepa lántakandann,“ segir hann. Sú hugmynd að tengja fasteignalán launa-

próun er ekki ný af nálinni, og íslensk stjórnvöld hafa þegar stigið skref í þessa átt með því að bjóða upp á svokallaða greiðslujöfnun, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Hann segir að vel megi hugsa sér að vera með fasteignalánamarkað sem tengist til dæmis launavísitölu eða vísitölu fasteignaverðs, en það sé á þessu stigi aðeins akademísk umræða. Að sjálfsögðu sé þó hægt að skoða ýmsar leiðir til að leysa úr vanda þeirra sem eigi erfitt með að standa í skilum með lán sín.

„Þetta er skynsamleg leið sem við erum að kanna,“ segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Hann segir það einn af kostunum við þessa hugmynd að hún nýtist öllum og auki ráðstöfunarfé fólksins í landinu. Þó verði að fara betur yfir málið áður en hægt sé að ákveða hvort heppilegt geti verið að stefna að því að gera þessa breytingu.

- kóp, bj / sjá síðu 12



MÓTMÆLT AÐ HÆTTI HELGA Þær Íris Rut Hjartardóttir og Jóna Rún Önnudóttir mótmæltu hraðakstri við Langholtið í gær. Þær fetuðu þar með í fótspor Helga Hóseassonar sem jafnan stóð við Langholtið og mótmælti. Fleiri íbúar hverfisins hafa tekið upp skilti til að minnast Helga sem lést á sunnudaginn var.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samstarf Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna: Framfærsla námslána hækkar

MENNTUN Menntamála- og félagsmálaráðuneytin hafa unnið að tillögum um samstarf Atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þær hafi verið kynntar fyrir ríkisstjórn í gær og geri ráð fyrir 20 prósentu hækkun framfærslu námslána. Námsmenn hafa kvartað yfir því að atvinnuleysisbætur séu mun hærri en námslán. Námslán hafa ekki fylgt hækkunum verðlags undanfarin ár.

Nokkuð hefur borið á því að námsmenn séu skráðir á atvinnuleysisbætur. Samhliða hækkuninni á að gera átak í að koma í veg fyrir slíka tvískráningu. Þannig sparast fé hjá tryggingarsjóðnum sem fært verður yfir í lánasjóðinn. Sjóðirnir tveir verði því í nánú samstarfi til að koma í veg fyrir misnotkun á kerfinu. Útfærsla breytinganna verður kynnt á allra næstu dögum, jafnvel strax í dag.

- kóp

Svört skýrsla um vistheimili:

Bætur greiddar vegna misgjörða

STJÓRNMÁL Fólki sem varð fyrir illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum hins opinbera verða greiddar bætur.

Ríkisstjórnin ákvað það á fundi sínum í gær.

Ákvörðun þar um var tekin eftir útkomu nýrrar skýrslu vistheimilisnefndar um Heyrnleysingjaskólann, Kumbaravog og Bjarg.

Samkvæmt skýrslunni var lögbundið eftirlit hins opinbera með starfsemi stofnana meira eða minna í molum.

Vistheimilisnefnd vann verkið í framhaldi af skýrslu sinni um Breiðavík.

Er ætlan ríkisstjórnarinnar að frumvarp til laga um bætur verði lagt fram á Alþingi fljótlega eftir að haustþing kemur saman. Verður í því byggt á viðræðum sem fram hafa farið milli forsætisráðuneytisins og Breiðavíkursamtakanna.

- bps / sjá síðu 6

6 tommu bátur 349 krónur

Ítalskar kjötbollar í heitri Marinarasósu

Kafbátur mánaðarins • september

SUBWAY 15 ára 1994 - 2009

Ísskápur

149.900 RK60355DE

RÖNNING www.ronning.is

REYKJAVÍK Klettagördum 12 Sími 562 4011

AKUREYRI Draupnisgata 2 Sími 460 0800

REYDARFJÖRÐUR Nesbraut 9 Sími 470 2020

SPURNING DAGSINS



Magnús, var þetta ekki heljarinnar steypireið?

„Jú, það var hún svo sannarlega.“

Feðgarnir Magnús Kristjánsson og Kristján Noel Magnússon tylltu sér á bak steypireyði, sem þeir óku fram á í fjörunni í Hveravík í Steingrímsfirði á dögnum.

Stækkunarstjóri ESB fundar: Stjórnin fékk spurningalista

UTANRÍKISMÁL Olli Rehn, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, kom hingað til lands í gær og átti fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Þar afhenti hann lista með um 2.500 spurningum um íslenskt samfélag sem stjórnvöld verða að svara vegna umsóknar um aðild að sambandinu.

Stjórnvöld munu vinna svör við spurningunum á næstu vikum og stendur til að afhenda svörin fyrir 16. nóvember, eftir tæplega tíu vikur. Takist það verður hægt að ræða umsókn Íslands á fundi framkvæmdastjórnar ESB í desember, og hefja aðildarviðræður snemma á næsta ári.

Fjárfestingarsjóður Íslands: Stefnt að stofnun eftir mánuð

ATVINNUMÁL Lífeyrissjóðirnir í landinu munu á næstunni taka ákvörðun um hvernig verði staðið að stofnun Fjárfestingarsjóðs Íslands. Miklar líkur eru taldar á að af stofnun sjóðsins verði. Landssamtök lífeyrissjóðanna funduðu um málið í gær.

Fjárfestingarsjóði Íslands er ætlað að halda utan um verkefni sjóðanna sem varða endurreisn atvinnulífsins. Upphaflega var ráðgert að setja allt að 75 milljarða króna í sjóðinn. Horft er til fyrirtækja í öllum atvinnugreinum sem talin eru lífvænleg.

Á fundinum var samþykkt að hver og einn lífeyrissjóður taki afstöðu til þess hvort og hversu mikið fjármagn hann ætli til stofnunar sjóðsins. Að mánuði liðnum liggja fyrir hvaða sjóðir leggi fram stofnféð.

2 FRÉTTABLAÐIÐ 9. september 2009 MIÐVIKUDAGUR

Tekið verður tillit til umkvartana umsækjenda um stöðu þjóðleikhússtjóra:

Rætt verður við umsækjendur

MENNING Starfsmenn menntamálaráðuneytisins munu á næstu dögum ræða við umsækjendur um stöðu þjóðleikhússtjóra. Þeim til aðstoðar verður sérfræðingur í mannauðsmálum. Að því ferli loknu mun ráðherra skipa í stöðuna.

Þjóðleikhúsráð gaf umsögn um umsækjendurna og mat þær Tinnu Gunnlaugsdóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur hæfastar. Hinir væru þó allir hæfir. Fjórir umsækjendur andmæltu umsögn ráðsins og þrír þeirra, Ari Matthíasson, Hlín Agnarsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson, andmæltu því sérstaklega að ekki hefði verið rætt við umsækjendur. Þá andmælti Kolbrún Halldórsdóttir umsögninni og vildi láta ógilda hana. Aðrir umsækjendur voru Hilmar Jónsson, Magnús Ragnarsson og Sigurður Kaiser.

Ráðið lagði til í sinni umsögn að ráðningartímabil leikhússtjórans yrði stýtt úr fimm í fjögur ár. Þá yrði það lögfest að enginn gæti gegnt embætti lengur en tvö tímabil.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra skipar í stöðu leikhússtjórans. Hún sagði, í samtali við Fréttablaðið fyrir nokkru, að þau mál yrðu tekin til skoðunar. Eðlilegt væri þó að eitt gilti yfir alla listræna stjórnendur ríkisstofnana.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Rætt verður við alla umsækjendur um stöðu þjóðleikhússtjóra.



SNJÓTROÐARI Snjótroðarar eru nokkurra tonna ferlíki, eins og sjá má á myndinni. Þar er þó ekki um að ræða umræddan snjótroðara á Langjökli heldur troðara úr Bláfjöllum sem er málinu óviðkomandi. Hvorugur mannanna vildi tjá sig um málið í gær.

Kærður fyrir að aka snjótroðara á mann

Allsérstæð líkamsárás hefur verið kærð til lögreglunnar á Selfossi. Karlmaður kærði annan mann fyrir að hafa ekið á sig á snjótroðara, þannig að hann hafi þeyst flatur eftir ís og hlotið meiðsl. Hinn ákærði hefði ekið á brott.

LÖGREGLUMÁL Afar sérstætt líkamsárásarmál hefur verið kært til lögreglunnar á Selfossi. Karlmaður hefur kært annan mann fyrir að aka á sig á snjótroðara uppi á jökli, þannig að meiðsl hlutust af. Meint líkamsárás með snjótroðaranum átti sér stað síðastliðinn föstudag.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins á málið rætur sínar að rekja töluvert langt aftur í tímann. Mennirnir tveir sem um ræðir sameinuðu fyrirtæki sín um jöklaferðir fyrir nokkru síðan. Það samstarf gekk ekki upp þannig að leiðir skildu og sá sem fór út úr fyrirtækinu stofnaði eigið fyrirtæki.

Ekki unda allir sáttir eftir samvinnuslitin því í febrúar setti sá, sem nú telur sig hafa orðið fyrir árásinni, sig í samband við lögreglu. Kvað hann fyrrverandi samstarfsaðilann hafa ætlað að fljúga á sig og berja sig þar sem þeir hittust á förnum vegi í Reykjavík. Hann hefði náð að halda manninum frá sér þannig að ekkert hefði orðið úr barsmíðunum. Það hann um að atvikið yrði bókað hjá lögreglu sem var gert.

Þá hafa staðið deilur um slóð sem menn nota í sleðaferðum með ferðamenn upp á Langjökul. Er deilt um hvort eitthvert eitt ferðabjónustufyrirtæki hafi meiri rétt til þess að nota slóðina en önnur.

Atvikið á föstudaginn varð með þeim hætti, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, að sá sem kveðst hafa orðið fyrir líkamsárásinni var að hefja ferð upp á jökul með starfsfólk og ferðamenn. Þá hafi hinn ákærði verið búinn að leggja snjótroðaranum, svo og stórum trukk, þvert á slóðina. Einhver samskipti hafi mennirnir tveir átt vegna þessa.

Ökumaður troðarans hafði þá snúið tækinu á punktinum með þeim afleiðingum að maðurinn fékk högg á bakið við herðablaðið og þeyttist flatur eftir ísnum. Hann hafi hlotið áverka en snjótroðaramaðurinn ekið í hasti á brott.

Maðurinn lagði fram kæru til lögreglu í fyrradag.

jss@frettabladid.is

Kröfum lýst í þrotabúi Baugs: Um 19% krafna samþykktar

VIÐSKIPTI Skiptastjórar þrotabús Baugs hafna rúmlega átta milljarða króna kröfu félaganna Gaums og Haga, en þau eru bæði í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu.

Alls nema kröfur í þrotabúi Baugs 319,4 milljörðum króna. Skiptastjórar samþykkja rúma 59,6 milljarða. Alls eru 18,6 prósent krafna samþykktar.

Stórum hluta krafna gömlu viðskiptabankanna var hafnað. Glitnir krafðist 46,8 milljarða en fær 6,3 milljarða. Kröfum Landsbankans upp á 96,7 milljarða og 26 milljarða króna kröfu Kaupþings var hafnað.

- gh

Íslensk orka knýi bílaflotann: Raunhæft á 10 til 20 árum

ORKUMÁL Það er fyllilega raunhæft markmið að íslenski bílaflotinn verði allur knúinn orku frá innlendum orkugjöfum, að því er fram kemur í frétt á vef Orkustofnunar. Hægt væri að spara um það bil 12 milljarða króna í gjaldeyri á hverju ári náist þetta markmið.

Hópur erlendra sérfræðinga mun sitja ráðstefnu hér á landi á mánudag til þess að ræða hvernig framkvæma megi slíka kerfisbreytingu.

- bj



Í GÆSLUVARÐHALD Þjófurinn var leiddur fyrir héraðsdóm í gær.

Þjófur í gæsluvarðhald: Síminn stoppaði ekki á lögreglustöðinni

DÓMSMÁL Karlmaðurinn sem handtekinn var í fyrradag eftir að mikið magn af þýfi fannst í íbúð hans í fyrradag var úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gæsluvarðhald til 22. september.

Karlmaðurinn sem um ræðir er á þrítugsaldri, af pólskum uppruna.

Lögregla rannsakar nú málið og skráir þýfið sem er talið milljónavirði og úr mörgum innbrotum. Síminn stoppaði ekki á lögreglustöðinni í Kópavogi í gær, eftir að greint hafði verið frá fundi þýfisins. Þá lögðu margir leið sína þangað til þess að vitja muna sem stolið hafði verið frá þeim.

- jss



LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.



www.ms.is/lgg

Dómsmálaráðherra leitar eftir þverpólitísku samstarfi um málefni Gæslunnar: Vill sátt um aðhaldsaðgerðir

ÖRYGGISMÁL Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra ætlar að leita eftir þverpólitískri samvinnu um málefni Landhelgisgæslunnar. Hún hyggst setja á fót starfshóp þingmanna stjórnar og stjórnarandstöðu með embættismönnum úr dómsmálaráðuneytinu og frá Landhelgisgæslunni.

„Landhelgisgæslan hefur þurft að grípa til aðhaldsaðgerða, sem óhjákvæmilega hafa skert getu hennar til að sinna hlutverki sínu af þeim metnaði sem menn hafa. Starfshópurinn hefði það verkefni að fara yfir landhelgisgæsluáætlun og aðra stefnumótun,“ segir Ragna. „Meðal annars yrði farið yfir rekstur varðskipa og þyrlureksturs og hvernig þessum málum sé best háttað bæði í nútíð og til framtíðar.“

Fyrirhugaður er verulegur niðurskurður á fjárveitingum á næstunni en á næsta ári stendur LHG frammi fyrir stórrí skoðun á TF LÍF sem kostar allt að 250 milljónir króna. Á sama tíma er gert ráð fyrir því í nágildandi landhelgisgæsluáætlun að varðskipum fjölgi og úthald þeirra verði aukið. Þá hefur verið samið við Norðmenn um samstarf í innkaupum vegna heildarendurnýjunar þyrluflotans.

„Í þessu ljósi er nauðsynlegt að skoða málefni LHG í heild sinni vegna minnkandi fjárveitinga. Þá tel ég mikilvægt að ná víðtækri sátt um þær aðhaldsaðgerðir sem ráðist verður í og þá forgangsröðun verkefna sem er óhjákvæmileg,“ segir Ragna.

- sh



TF-LIF Fer í skoðun árið 2010 sem kostar 250 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

» Rödd skynseminnar

Verðaða ekki allir í stuði?

Finndu
ódýrasta
flugið á
icelandexpress.is

Langar þig að skreppa út, helst á morgun, en kemst ekki frá? OK, hér er hugmynd: Farðu núna inn á **icelandexpress.is**, bókaðu flug og farðu út seinna. Er ekki nokkuð ljóst að þú verður líka í stuði til að fara út seinna í haust? Pottþétt. Svona spararðu líka, færð flugið á **betra verði**.

Hlustaðu á rödd skynseminnar, bókaðu flug á betra verði til Evrópu á **www.icelandexpress.is**

Vetraráætlun Iceland Express 2009-2010

Reykjavík

London

Frá og með 2. nóv.
fljúgum við bæði um
Stansted og Gatwick
í London!

London

Berlín

Kaupmannahöfn

Varsjá

Friedrichshafen

Alicante

» Verð frá:

14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express »
með ánægju

Ódýr símenntun!

Haustráðstefna atvinnulífsins, föstudaginn 11. september, kl. 08-18

Microsoft

ORACLE

SAP BusinessObjects

Ef þú sækir bara eina ráðstefnu um upplýsingatækni í vetur, þá er **Haustráðstefna atvinnulífsins** á Hilton Nordica hótél eitthvað sem þú ættir að skoða!

Á ráðstefnunni verða fluttir **46 fyrirlestrar um upplýsingatækni** á sex mismunandi línum. Meðal fyrirlesara eru um 20 erlendir sérfræðingar.

Kostas Mallios, Microsoft Corp.

Framtíðarsýn Microsoft

Mallios er nánasti samstarfsmaður tæknistjóra Microsoft, David Vaskevitch. Mallios er stjórnandi áhrifamikils sviðs hjá Microsoft, sem nefnist Rich Media Group og vinnur að framþróun vöru- og þjónustuframboðs fyrirtækisins á sviði hljóðs, mynda, tals og tengdra staðla.



Kevin Mitnick, öryggisráðgjafi

Blekkingarlist hakkara

Mitnick er frægasti hakkari veraldarsögunnar. Hann var um skeið eftirlýstur af FBI og sat fimm ár í fangelsi. Mitnick sneri síðan rækilega við blaðinu og er nú virtur fyrirlesari og ráðgjafi í öryggislausnum, með áherslu á varnir gegn innbrotum í UT-kerfi.



Oracle

- Bókun fjárhagsskuldbindinga í ORRA
- Eignaumsýsla með Enterprise Asset Management (EAM)
- Fræðslukerfi Oracle (Oracle Learning Management)
- Nýjungar í Innkaupum (Purchasing) - útgáfu 12
- Ráðningarkerfi í ORRA - Gæði og sparnaður
- Skeytamiðlun með NES/BII-staðli
- Verkbókhald: Mannafla- og verkefnastjórnun
- Viðskiptakröfur í ORRA í hnotskurn

Microsoft

- Af hverju innra net?
- Hagkvæm skjalastjórnun
- Innra net með Microsoft SharePoint
- Samþætting Microsoft Dynamics NAV við Office
- Skeytamiðlun með NES/BII-staðli
- Skipulagt skólastarf með SharePoint
- Upplýsingaverkfæri fjármálastjórans

Viðskiptagreind

- Árangursstjórnun með Microsoft PerformancePoint og SharePoint
- Launavörðun gagna hjá ríkinu
- Aðlögun og samþæfing BusinessObjects við MS, SAP ofl.
- Skýrslugerð og teningar með Microsoft SQL Server
- Spennandi nýjungar í BusinessObjects 3.2
- Smíði mælaborða með BusinessObjects Xcelsius
- Viðskiptagreind með Open Source-lausnum
- Vörðun gagna og viðskiptagreind hjá Íslandsbanka
- XML / Oracle BI Publisher
- Þróun viðskiptagreindar á viðsjárverðum tímum

Gagnagrunnstækni

- Idega Open Source - Opið rammaumhverfi
- Oracle 11gR2 og Enterprise Manager 10.2.0.5
- Oracle ADF rammaumhverfi
- Oracle APEX: Forms í vefviðmót
- Oracle WebLogic
- Solaris 10 og nýjungar í Sun CMT netþjónum
- Stefnur og straumar í grunntækni Oracle

Öryggi og rafræn stjórnsýsla

- Dulritun gagnagrunna
- Er Open Source nógu öruggt?
- Óværuðnaðurinn
- Rafræn stjórnsýsla - Leið til hagræðingar
- Rafrænar lausnir með STORK
- Stjórnun auðkenna
- Þetta var helst í fréttum

Bland í poka

- Gagnamarkaður morgundagsins
- Gagnastýring með „data deduplication“
- Hagkerfi í sýndarveruleika (CCP)
- Róbotasmíði með Open Source
- Samþætting tölvu- og símkerfa
- Tölvuský / Cloud Computing
- Vefsafn.is

Nánari dagskrá og skráning á skyrr.is.

Í lokahófi Haustráðstefnu atvinnulífsins verður boðið upp á töfrandi tóna, villtar veitingar, blúsband Bergþórs Smára og Hellisbúann Jóhannes H. Jóhannesson.

Allt á
einum stað

569 5100
skyrr@skyrr.is

Skyrr

KJÖRKASSINN

Eru 65 ár of langur leigutími fyrir auðlindir í eigu hins opinbera til einkaaðila?

JÁ	90,3%
NEI	9,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að reisa minnisvarða um Helga Hóseasson á horni Langholtsveggar og Holtavegar?

Segðu þína skoðun á [visir.is](#)

visir

Fjöldi fólks hafði samband við Fréttablaðið vegna forsiðumyndar:

Hrúturinn Steinsi rangt kyngreindur

BÚFÉNAÐUR Margir fjárglökkir lesendur Fréttablaðsins höfðu samband í gær til að benda á mistök í texta með forsiðumynd blaðsins. Þeir áttuðu sig á því að á myndinni var ekki gimbur á ferð heldur hrútur. Einnig kom í ljós að hrúturinn var ekki aðeins rangt kyngreindur heldur einnig rangnefndur. Rétt nafn er Steinsi.

Vegna mistakanna sendi Þórdís Jónsdóttir, eða Drekinns eins og hún kallar sig, kvæðið hér til hliðar.

Rétt er að benda á að í kvæðinu er Vilhelm, ljósmyndari Fréttablaðsins, hafður fyrir rangri sök. Það voru blaðamenn á ritstjórn



LÍNEY SIF MEÐ STEINSA Glökkir lesendur sáu að um hrút var að ræða en ekki gimbur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

blaðsins sem voru ekki betur að sér um kynferði sauðfjár. Dyggur lesandi hefur boðið þeim í réttir í lok mánaðarins til að bæta úr þekkingarskortinum.

- kh, kóp

Vilhelm ráfar villuheim víst í hausnum timbur, allstór munur er á þeim öðlings hrút og gimbur.

Líney Sif með létta fót leiðir hrút af snilli, hjá mér komst á hugann rót að hann skuli ei greina á milli.

Á Brunnhól eflaust bændur nú bara að honum hlæja, á létta strengi leikur frú en lætur þetta nægja.

Læknar í Bretlandi:

Vilja auglýsingabann á áfengi

BRETLAND Bresku læknasamtökin vilja að algert bann verði lagt við áfengisuglýsingum í landinu. Einungis þannig megi snúa við þeirri þróun að áfengisneysla aukist stöðugt.

Áfengisöðnaðurinn í Bretlandi ver 800 milljónum punda á ári hverju í auglýsingar og aðra markaðssetningu, en talið er að breska ríkið þurfi að verja allt að þremur milljörðum punda á ári til að sinna meiðslum og sjúkdómum sem tengjast áfengisneyslu.

Læknasamtökin leggja sérstaka áherslu á að banna markaðssetningu í tengslum við íþróttir og tónlist.

- gb

SÖLUNÁM SEM SELUR!

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 352.000.- Einingar til stúdentprófs: 16

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir alla þá sem vilja tileinka sér þekkingu á sölu-, markaðs-, og rekstrarmálum.

Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

Fyrri önn:

- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðagerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Fyrir lokaverkefni og sölukynning - 30

Seinni önn:

- Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6) • Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- Stofnun fyrirtækja (6) • Excel við áætlanagerð (24)
- Fjármálastjórnun og framlegð (30) • Markaðsfræði 3 (42)
- Lokaverkefni og gerð viðskiptaáætlunar (48)

Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 14. sept. Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 15. sept.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

BREIÐAVÍK Nefnd forsætisráðherra sem skipuð var til að fjalla um málefni Breiðavíkurheimilisins hefur starfað áfram og beint sjónum að öðrum heimilum og skólum þar sem börn voru vistuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Opinbert eftirlit með vistheimilum brást

Skýrsla um starfsemi Heyrnleysingjaskólans og tveggja heimila þar sem börn voru vistuð sýnir að opinberar stofnanir brugðust skyldum sínum. Mörg barnanna máttu þola kynferðislegt ofbeldi. Félagsmálaráðherra heitir úrbótum.

FÉLAGSMÁL Lögbundið eftirlit hins opinbera með starfsemi þriggja stofnana þar sem börn dvöldu á vegum ríkis og sveitarfélaga var meira eða minna í molum.

Það er niðurstaða skýrslu nefndar forsætisráðherra sem kynnt var í gær.

Er í skýrslunni fjallað um starfsemi Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs við Stokks-eyri 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs á Seltjarnarnesi 1965-1967.

Forsætisráðherra og félagsmálaráðherra báðust í gær afsökunar vegna þess. Í yfirlýsingu Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra sagði að þessi staðreynd hefði valdið fjölda fólks miklum sársauka. Læra þyrfti af þeirri sáru reynslu. Óhjákvæmilegt væri að koma á algerlega sjálfstæðu eftirliti með velferðarþjónustu á vegum hins opinbera. „Við skuldum því fólki sem á um sárt að binda vegna mistaka í fortíðinni að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að slíkir atburðir hendi aldrei aftur,“ sagði í yfirlýsingu félagsmálaráðherra.

Heyrnleysingjaskólinn

Í kaflanum um Heyrnleysingjaskólann segir í fyrsta lagi að ekki verði dregin sú almenna ályktun að starfsmenn skólans hafi kerfisbundið og reglulega beitt nemendum illri meðferð eða ofbeldi. Á hinn bóginn hafi meirihluti nemenda við skólann á árunum 1947-1982 lýst afmörkuðum athöfnum af hálfu skólastjórans og tiltekins kennara sem þeir upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Var nefnt að þeir hefðu slegið á fingur nemenda með priki, klipið í húðina

undir hökunni eða tekið harkalega í eyrun á þeim.

Í öðru lagi er það niðurstaða nefndarinnar að á tímabilinu 1968-1982 séu meiri en minni líkur á að hluti nemenda hafi sætt kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri áreitni af hálfu samnemenda, kynferðislegri áreitni af hálfu tiltekins kennara og kynferðislegu ofbeldi af hálfu utanaðkomandi einstaklings.

Á tímabilinu 1982-1992 eru taldar meiri líkur en minni á að sumir nemendur skólans hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra nemenda og utanaðkomandi einstaklings.

Þá segir að menntamálaráðuneytið, fræðslumálastjóri, heilbrigðiseftirlit og skólastjóri hafi á tilteknum tímabilum brugðist eftirlitsskyldum sínum gagnvart nemendum Heyrnleysingjaskólans.

Í skýrslunni er vikið að talmálsstefnunni svonefndu en í henni fólst að kenna nemendum að tala með rödd og lesa af vörum. Táknmál var ekki kennt eða notað í samskiptum heyrandi og heyrnarlaur á þessum tíma. Telur nefndin ekki ástæðu til að draga í efa þær frásagnir nemenda að talmálsstefnan og aðskilnaður við fjölskyldur hafi verið þeim þungbær og skert lífsgæði þeirra sem einstaklinga í samfélaginu.

Kumbaravogur

Í athugun sinni á Kumbaravogsheimilinu við Stokkseyri sem einkaaðilar starfræktu kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að telja verði meiri líkur en minni á að hluti vistmanna hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi einstaklings. Á hinn bóg-

inn eru ekki taldar meiri líkur en minni á að þeir hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi af hálfu starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið, skólanefnd Stokkseyrarhrepps, barnaverndanefnd Stokkseyrar, barnaverndanefnd Reykjavíkur, Barnaverndarráð eru sögð hafa brugðist skyldum sínum í eftirliti með starfseminni á Kumbaravogi.

Bjarg


Skólaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi var starfrækt af hálfu Hjálpræðishersins á árunum 1965-1967 fyrir ungar stúlkur.

Niðurstaða nefndarinnar er að ekki verði dregin sú almenna ályktun að starfsmenn Bjargs hafi kerfisbundið og reglulega beitt viststúlkur illri meðferð eða ofbeldi. Á binn bóginn lýsti meirihluti þeirra kvenna sem komu til viðtals við nefndina og meirihluti þeirra, sem gaf skýrslu fyrir dómi og fyrir lögreglu í opinberum rannsóknnum sem fram fóru á starfsemi heimilisins í lok árs 1967 og byrjun árs 1968, afmörkuðum athöfnum af hálfu starfskvenna sem þær upplifðu sem illa meðferð eða ofbeldi. Lýstu þær því að starfskonur hafi slegið stúlkurnar utanundir, klipið í þær eða dregið á hárinu og höndum niður stiga.

Hins vegar eru taldar meiri líkur en minni á að sumar viststúlkur hafi mátt þola kynferðislega áreitni af hálfu einhverra starfskvenna.

Barnaverndarráð, menntamálaráðuneytið og barnaverndarnefndirnar á Seltjarnarnesi, Reykjavík og víðar eru sagðar hafa brugðist eftirlitshlutverkum sínum.

[bjorn@frettabladid.is](#)



Tölvuleikjahreinsun



Verð frá

489 kr.



TOSHIBA
32 tommur

LCD breiðtjald

Toshiba 32AV603PG
32" LCD breiðtjald • Active Vision • HD-Ready 720p • Upplausn: 1366x768p • Skerpa: 18.000:1 • Svartími: 8ms • 20w Stereo hljóðkerfi • VGA / PC • 2x HDMI • 2x Scart ofl.

119.989 kr.

Fullt verð ~~139.989~~



15,6 tommur

acer
emachines

Frábær fartölva

Acer eMachine E725-423G25MI
2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB (2048+1024 MB) DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • DVD±RW, CD-RWskrifari • 2xUSB2, kortalesari, VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium

99.989 kr.

Fullt verð ~~119.989~~



Playstation 2

29.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~

Nýir PS3 leikir



Úrval ódýrra kvikmynda á DVD



Vinningshafar í Skólaleik Max

1. **VINNINGUR:** Helga Sif Óladóttir
2. **VINNINGUR:** Þorgeir Jónsson
3. **VINNINGUR:** Ingibjörg Sigurðardóttir

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

989 kr.

...aðeins brotabrot af úrvalinu!

MAX
RAFTÆKI

VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er formaður iðnaðar-nefndar Alþingis?

2 Hvað heitir nýr fiskistofu-stjóri?

3 Hvað gaf eiginkona fréttamannsins Magnúsar Hlyns Hreiðarssonar honum í afmælisgjöf á dögunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Endurskipulagning framhaldsskólanna komin vel á veg:

Tilraun með þriggja ára framhaldsskóla

MENNTUN Tveir framhaldsskól- ar bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs. Um tilraunaverkefni er að ræða og segir menntamálaráð- herra, Katrín Jakobsdóttir, að verði reynslan úr því góð gæti þetta leitt til endurskipulagningar á fram- haldsskólakerfinu. Skólarnir sjálf- ir hafi þó sjálfðæmi um hvort þeir taki kerfið upp, reynist það vel.

Skólarnir sem um ræðir eru Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og Kvennaskólinn í Reykjavík. Þeir hafa fengið styrk frá menntamála- ráðuneytinu til þessa þróunarverk- efnis.

Ingibjörg S. Guðmundsdótt- ir, skólameistari Kvennaskólans,



NEMENDUR Tilraun er í gangi um að bjóða nemendum upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs, hvort sem um bekkjarkerfi eða fjölbrautakerfi er að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARÍ

segir að innan skólans hafi nám til stúdentsprófs verið skilgreint sem 200 eininga nám. Er þar vísað til nýrra framhaldsskólaeininga, en

samkvæmt skilgreiningu í lögum býr þriggja vikna vinna að baki hverri einingu. Samkvæmt lögun- um á stúdentspróf að vera 180 til 240 slíkar einingar.

Ingibjörg segir að miðað sé við að nemendur taki 60 einingar á ári. Duglegir nemendur geti bætt við einingum og klárað skólann á þrem- ur árum. Þeir sem vilji fara hægar í sakirnar geri það; útskrifist á þrem- ur og hálfu eða fjórum árum.

Katrín Jakobsdóttir segir að skól- arnir hafi sjálfðæmi um hve marg- ar einingar þeir kenni innan ramma laganna. Hún telur að verði reynsl- an af þróunarverkefninu góð muni það nýtast fleiri skólum og jafnvel

framhaldsskólakerfinu öllu. Skól- anna sjálfra sé síðan að ákveða hvort þeir bjóði upp á fleiri ein- ingar og hvernig þeir vilji þróast. Áður hafi verið rætt um 180 eining- ar þegar þriggja ára stúdentspróf var skoðað. Nú sé um fleiri eining- ar að ræða.

Gert er ráð fyrir því að hluti þess náms sem nú er kenndur í fram- haldsskólum færist niður í grunn- skólana.

Katrín segir skólana tvo hafa sýnt frumkvæði að því að taka þátt í þessu þróunarverkefni. Reiknað er með að það standi í þrjú til fjög- ur ár og síðan verði reynslan af því metin.

- kóp



LYFJA

- Lífið heil



Panodil

500 mg PARASETAMÓL 30 TÖFLUR



+ Lægra verð

PANODIL 500mg. 30 stk. **329 kr.**

www.lyfja.is

Greining Íslandsbanka á öðru máli en Seðlabanki um að kreppunni ljúki næsta vor:

Kreppa áfram næstu árin

EFNAHAGSMÁL Ólíklegt er að Ísland komist út úr kreppunni fyrr en eftir nokkur ár, að mati sérfræð- inga greiningar Íslandsbanka. Atvinnuleysi á enn eftir að aukast, kaupmáttur mun rýrna meira og húsnæðisverð lækka áður en kreppunni slotar.

Sérfræðingar greiningar Íslandsbanka eru því ósammála Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telja þeir að Ísland fari að komast út úr kreppunni á fyrri hluta næsta árs, og hagvöxtur komi í kjölfarið.

„Ísland mun þannig í hugum flestra ekki koma út úr kreppunni á fyrri helmingi næsta árs þegar atvinnuleysi verður í hámarki, kaupmáttur í lág- marki og erfiðleikar miklir hjá fjölda fyrirtækja og heimila,“ segir í Morgunkorni Íslandsbanka. „Það er mun lengra í að Ísland vinni sig að fullu út úr kreppunni á þessa mælikvarða.“

Búast má við erfiðum vetri í íslensku efnahagslífi og mikil óvissa er enn um úrlausn mikilvægra mála við uppbyggingu efnahagslífsins eftir hrunið. Það geri tímasetningar í öllum spám um hvenær botni kreppunnar verði náð afar erfiðar, segir í Morgun- korninu.

- bj



SPÁ Húsnæðisverð á enn eftir að lækka að mati greiningar Íslandsbanka, en óvissa veldur erfiðleikum þegar reynt er að spá fyrir um endalok kreppunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðstefna á vegum viðskiptaráðuneytis og Lagadeildar Háskóla Íslands

Bankaleynd

Fimmtudaginn 10. september í Hátíðasal Háskóla Íslands



Gylfi Magnússon



Dóra Guðmundsdóttir



Henrik Juul



Árný J. Guðmundsdóttir



Sigrún Jóhannesdóttir



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir



Tómas Sigurðsson



Eyvindur G. Gunnarsson

13.00-13.10Ávarp Gylfa Magnússonar, viðskiptaráðherra

13.10-13.30Bank confidentiality and disclosure under Icelandic law
Dóra Guðmundsdóttir, aðjúnt við Lagadeild Háskóla Íslands

13.30-13.50Bank confidentiality and disclosure under Danish law
Henrik Juul, bankastjóri Capinordic Bank A/S og lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn

13.50-14.05Rules and practices relating to bank confidentiality
Árný J. Guðmundsdóttir, lögfræðingur á lánasviði Fjármálaeftirlitsins

14.05-14.15Pallborðsumræður

14.15-14.45Kaffihlé

14.45-15.05Bank confidentiality in the light of the right to privacy and the data protection act
Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar

15.05-15.25Data protection and the rights of the individual
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild Háskóla Íslands

15.25- 15.40Existing rules and practices on confidentiality and data protection within banks
Tómas Sigurðsson, yfirlögfræðingur Íslandsbanka

15.40-16.00Pallborðsumræður og ráðstefnuslit
Fundarstjóri Eyvindur G. Gunnarsson lektor við Lagadeild Háskóla Íslands



VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ



LAGADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ráðstefnan sem er öllum opin fer fram á ensku.

ALLT FYRIR ÞAKIÐ! TAX FREE!

Gildir til 13. september



ÞAKSTÁL - ÞAKPAPPI - ÞAKRENNUR - ÞAKULL - ÞAKSPERRUR
ÞAKGLUGGAR - ÞAKMÁLNING - ÞAKSAUMUR OG MARGT FLEIRA

Viðgerðarsett
fyrir lek þök



Þakmálning
Ryðvarnargrunnur



Þakull
Rakasperruplast



Frystikistur og skápar



79.990

ORKUNÝTING
A

FRÁBÆRT
VERÐ
MIKIÐ
ÚRVAL

Frystiskápur

FHF 142-55
155 ltr, 142 x 58 x 55 sm
1805493



74.990

ORKUNÝTING
A+

Frystikista

G215
197 ltr, 84 x 89,5 x 59 sm
1805482



89.990

Frystikista

272 ltr, 89,5 x 102 x 64,5 sm
1805487

Frigor



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



KERLING SÆKIR KNÚT HEIM Knútur, hvítbjörninn heimsfrægi, þarf ekki að örvænta því nú hefur bíran Gianna einnig komið sér fyrir í dýragarðinum í Berlín.

NORDICPHOTOS/AFP



LJÓSALAMPAR Stólnir ljósalampar finnast gjarnan þegar kannabisverksmiðjur eru upprættar.

Brotist inn í gróðurhús:

Nær 30 ljósa-lömpum stolið

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í gróðrarstöðina Espiflöt í Biskupstungum í fyrrinótt. Þeir sem voru þar að verki höfðu með sér 28 ljósalampa, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi.

Engar upplýsingar höfðu borist af mannaferðum í gær, enda þjófarnir við iðju sína í skjóli nætur.

Talsvert hefur verið um þjófnaði af þessu tagi úr gróðurhúsum undanfarin misseri. Stolnu lamparnir hafa gjarnan fundist þegar kannabisræktanir hafa verið upprættar.

Lögreglan á Selfossi rannsakar innbrotið í gróðrarstöðina.

- jss

Fyrirverandi stjórnarformaður Íslenskrar afþreyingar á ekki von á að kröfuhafar vilji að sölu 365 verði rift:

Skiptastjóri skoðar sölu 365 til Rauðsól

VIÐSKIPTI Skiptastjóri þrotabús Íslenskrar afþreyingar, sem áður átti Senu, Saga film og 365 miðla, hefur nú söluna á 365 miðlum til félagsins Rauðsól til sérstakrar skoðunar.

Meðal þess sem er í skoðun er hvort brotið hafi verið gegn rétti kröfuhafa með sölnunni og hvort skilyrði hafi hugsanlega myndast fyrir því að sölnunni verði rift.

Félögin þrjú, 365 miðlar, Saga film og Sena, voru öll seld undan Íslenskri afþreyingu fyrir síðustu áramót og í júní fór félagið síðan eignalaust í þrot.

Skiptastjórinn, Friðjón Örn Friðjónsson, vill lítið tjá sig um það að hverju skoðun hans snýr. Hann bíði þess nú að kröfulýsingafrestur renni út 15. september og undirbúi skiptafund sem haldinn verður 25. september.



ARI EDWALD

„Ég mun reyna að greina þessa samninga [um söluna] og upplýsa kröfuhafana um það sem ég tel að skipti máli. Í þessari greinargerð mun væntanlega koma fram mat mitt á réttarstöðunni og örugglega ráðgjöf til kröfuhafanna um það hvernig best er að gæta þeirra hagsmuna,“ segir Friðjón. Það sé svo kröfuhafanna að ákveða til hvaða aðgerða verði gripið, ef einhverra.

Friðjón vill aðspurður ekki svara því hvort honum hafi borist ábendingar eða athugasemdir frá óánægðum kröfuhöfum.

Ari Edwald, forstjóri 365 og fyrirverandi

RAUÐSÓL SAMEINAST 365

Rauðsól, móðurfélag 365 miðla, hefur sameinast 365 miðlum og stendur til að eiginurnir leggi félaginu til nýtt hlutafé á næsta ári. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum er sameiningin gerð til einföldunar og hefur staðið fyrir dyrum í nokkurn tíma.

stjórnarformaður Íslenskrar afþreyingar, segir athugun af þessu tagi eðlilega, enda sé hún í verkahring skiptastjórans, og að hann og aðrir sem að félaginu komu séu reiðubúnir að liðsinna honum eins og unnt er. Hann á hins vegar ekki von á því að nokkur muni fari fram á að sölnunni verði rift.

- sh

Íslenskir dagar í Seattle

Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki vinna að kynningu á Íslandi og íslenskum vörum í Seattle vegna Iceland Naturally-samkomulagsins. Ráðherra segir mikilvægt að aðilar séu samstíga í slíkum kynningum.

FERÐAÞJÓNUSTA „Þetta er dæmi um gríðarlega vel heppnað samstarf stjórnvalda og fyrirtækja í landinu. Einnig er þetta góð fyrirmynd í því efni, því miklu máli skiptir að þessir aðilar séu samstíga,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Útflutningsráð, sjávar- og landbúnaðarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Icelandair, Icelandic USA Inc., Icelandic Glacial, Reyka Vodka, 66°Norður, Bláa lónið og Fiskifélag Íslands taka beinan þátt í kynningu á Íslandi og íslenskum vörum og þjónustu í Seattle næstu daga. Kynningin, sem ber nafnið A Taste of Iceland, er liður í samkomulaginu Iceland Naturally, sem íslensk stjórnvöld og nokkur íslensk fyrirtæki gerðu fyrst með sér í tengslum við landafundahátíðina vestanhafs árið 2000.

Samkomulagið miðar að því að styrkja ímynd Íslands og auka áhuga á íslenskri ferðaþjónustu og vörum. Það var síðast endurnýjað til fimm ára í upphafi ársins. Katrín segir ekkert launungarmál að tilgangurinn sé að sækja tekjur til handa fyrirtækjum á Íslandi í gegnum aukinn ferðamannastraum. „En þetta er líka spurning um ímyndarvinnu fyrir landið. Þetta samspil stjórnvalda



SAMVINNA Helgi Már Björgvinsson hjá Icelandair, Svanhildur Konráðsdóttir hjá Reykjavíkurborg, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, og Pétur Þ. Óskarsson, formaður stjórnar Iceland Naturally.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MIKIL TENGL SEATTLE OG REYKJAVÍKUR

„Við sjáum mikil tækifæri í þessu verkefni til að auka áhuga og þekkingu á Reykjavík sem áfangastaðar,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, menningar- og ferðamálastjóri Reykjavíkurborgar, sem situr í stjórn Iceland Naturally.

Svanhildur segir heilmikil tengsl milli Reykjavíkur og Seattle. „Borgirnar hafa verið systraborgir frá árinu 1986 og fólk á vegum borgarinn-

ar hefur meðal annars heimsótt Seattle og fræðst um skemmtilegar lausnir í umhverfismálum. Eitt af því sem við viljum leggja áherslu á er tónlistar- og ráðstefnuhúsið væntanlega, og tækifærin sem það skapar fyrir ferðaþjónustu í borginni. Bæði viljum við freista þess að stækka ráðstefnumarkaðinn, en það er líka mikilvægt fyrir menningarstarfið í húsinu,“ segir Svanhildur.

og fyrirtækja skiptir mjög miklu máli í því sambandi. Ferðamanna-

straumurinn frá Norður-Ameríku hefur aukist um sjö prósent það

sem af er árinu, og ég er himinlífandi yfir þeim tölum. Það er mikilvægt að halda vöku sinni og alls ekki gefa eftir í þessum efnum,“ segir Katrín, og nefnir sem dæmi að í gær hafi verið samþykkt í ríkisstjórn að farið verði í sérstakt markaðsátak með ferðaþjónustunni. Meðal annars horfi hún mjög til heilsutengdrar ferðaþjónustu. Sérstök herferð, sem miðar að því að markaðssetja slíka þjónustu, verði kynnt í vetur.

Pétur Þ. Óskarsson, formaður stjórnar Iceland Naturally, segir lykिलatríði að kynningar á vegum verkefnisins vekji athygli þarlandra fjölmiðla.

„Við erum að feta okkur meira og meira í átt að svona viðburðum, því reynslan hefur sýnt að þeir virka best. Stefnan er að halda þrjá til fimm viðburði yfir háannatímann.

Núna er kynning í Seattle, næst er stefnan tekin á Boston, svo Toronto og þar fram eftir götunum. Þegar verkefnið hófst fyrir tíu árum tóku fjögur einkafyrirtæki þátt, en nú eru þau orðin tíu. Í raun má segja að flest fyrirtæki sem eru að skoða Ameríku af fullri alvöru taki þátt í verkefninu,“ segir Pétur.

kjartan@frettabladid.is

GLITNIR BANKI HF.

AUGLÝSING UM FUND MEÐ KRÖFUHÖFUM

Glitni banka hf., kt. 550500-3530, með lögheimili að Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík en aðsetur að Sóltúni 26, 105 Reykjavík, var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. nóvember 2009. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 hefur Héraðsdómur Reykjavíkur skipað bankanum slitastjórn.

Fundur með kröfuhöfum Glitnis banka hf. verður haldinn þriðjudaginn 22. september 2009 kl. 9.00 að Hilton Hotel Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Á fundinum verður fjallað um uppgjör milli Glitnis banka hf. og Íslandsbanka hf. vegna yfirfærslu eigna og skuldbindinga sem áttu sér stað með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dagsettri 14. október 2008. Jafnframt verður fjallað um helstu ráðstafanir sem gerðar hafa verið og veittar upplýsingar um eigna- og skuldastöðu bankans.

Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem eiga kröfu á bankann. Nánari upplýsingar er að finna á vef bankans www.glitnirbank.com

Reykjavík 5. september 2009.

F.h. skilanefndar Glitnis banka hf.

Arni Tómasson, formaður.

GLITNIR

Ný skýrsla OECD um menntamál:

Hver nemandi kostar 1,1 milljón króna

MENNTAMÁL Ísland eyðir hlutfallslega mest allra aðildarríkja Efna-hags- og framfarastofnunarinnar (OECD) til menntamála, að því er fram kemur í nýrri skýrslu sem stofnunin hefur sent frá sér.

Ísland eyddi árið 2006 um átta prósentum af vergri landsframleiðslu til menntamála, en meðaltalið innan OECD var þá 5,7 prósent. Alls fóru 18,1 prósent útgjalda íslenska ríkisins til menntamála árið 2006, en meðaltalið hjá öðrum OECD-ríkjum var um 13,3 prósent.

Ísland eyðir hærri upphæð við að mennta hvern einstakling en önnur ríki OECD. Meðalkostnaður á hvern nemanda, frá grunnskóla upp í háskóla, voru árið 2006 um 7.840 bandaríkjadalir, jafnvirði 975 þúsund króna. Á Íslandi kostaði menntun hvers nemanda hins vegar 8.823 dali, sem er að núvirði 1,1 milljón króna. Það er um 12,5 prósent yfir meðaltali OECD.

Í skýrslunni kemur einnig fram að mikill munur sé á útskriftarhlutfalli úr háskóla eftir kyni. Tæplega 39 prósent karla sem hefja nám í háskóla útskrifast með háskólagráðu, en tæplega 89 prósent kvenna. Þessi munur er hvernig meiri innan OECD.

Jón Torfi Jónasson, forseti



EKKI ÁHYGGJUEFNI Það er umhugsunarefni en ekki áhyggjuefni að aðeins 39 prósent karla sem hefja háskólanám útskrifast en 89 prósent kvenna, segir Jón Torfi Jónasson.

menntavísindasviðs Háskóla Íslands, segir þróunina hér í samræmi við það sem sé að gerast erlendis, þótt hlutfallið sé ýktara hér en annars staðar.

„Ég myndi ekki segja að þetta sé áhyggjuefni, en þetta er kannski frekar umhugsunarefni,“ segir Jón Torfi.

Engin einhlít skýring hefur fengist á þessum mikla mun. Jón Torfi segir að mögulega tengist hann því að konur virði frekar en karlar regluverk samfélagsins, sem geri ákveðnar menntunarkröfur til starfsfólks á ákveðnum sviðum. Þá geti verið að háskólanám liggi betur við fleiri konum en körlum.

- bj



Tal

Alltaf ódýrara net

Tal

Tal 10 GB
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s*
10 GB erlent niðurhal

3.490 kr.

mánaðargjald

* mesti hraði miðað við gæði línunnar.

Síminn

Leið 1
Hraði allt að 2 Mb/s
Gagnamagn 10 GB

4.190 kr.

mánaðargjald

Skv. siminn.is

Vodafone

Huggulega netið
Mesti hraði, allt að 12 Mbit/s
10 GB erlent niðurhal

4.190 kr.

mánaðargjald

Skv. vodafone.is

Nýr netpakki fyrir þá sem vilja mikið niðurhal:

TAL 120 GB - mesti hraði, allt að 12 Mbit/s

6.990 kr.

mánaðargjald

Allur Pakkinn

frá **3.490 kr.** á mánuði
Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm



HEIMASÍMI



SJÓNVARP



NET



GSM

Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík

FRÉTTASKÝRING: Hagfræðingurinn Joseph Stiglitz telur krónuna besta valkostinn, enn um sinn

Lán verði tengd launum frekar en verðlagi

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz telur að ríkinu beri að leiðrétta gölluð húsnæðislán fólks, bæði verð- og gengistryggð. Hann vill halda í krónuna, nema ESB komi betur til móts við svæði sem eiga í vanda. Vísitala til grundvallar verðtryggingu skuli byggja á launum hér eftir.

Íslendingar væru einnig í alvarlegum vanda ef þeir hefðu haft evru og leyft bönkunum að stækka jafn mikið og þeir gerðu.

Íslenskir bankar störfuðu samkvæmt sömu skilyrðum og aðrir bankar, til dæmis í Lúxemborg, ef þeir hefðu verið undir lélegu eftirliti.

Svo segir Joseph Stiglitz: „Þannig bankar hefðu líka getað tekið við innlánunum og lánað fé út á óábyrgan hátt.“ Eftirlitskerfið hafi klikkað og það er ekki krónunni að kenna.

Sagan sé svipuð í Bandaríkjunum, þar sem er engin gjaldeyrishætta á lánamarkaði. „Þar erum við bara með slæma lánastefnu, en það sem við gerðum ekki, ólíkt ykkur, var að sækja peninga til erlendra sparifjäreigenda.“

Gjaldmiðillinn

Hér á Íslandi hafa verið tveir gjaldmiðlar: króna sem við fáum í laun, og verðtryggð króna sem við borgum skuldir með. Að ekki sé minnst á krónulán sem eru gengistryggð.

Hagfræðingar eru nokkuð samála um hvernig mynt sé ákjósanleg fyrir hvert svæði og það er næstum því öruggt að þið deilið ekki ákjósanlegu myntsvæði með Evrópu.

Sveigjanleiki krónunnar hjálpar hagkerfinu til að aðlagast þegar áföll verða. Mistökinn voru þau að fjármálafyrirtækin seldu gallaða vöru. Að mínu mati er það eins og þegar lyfjafyrirtæki selur töflur og segir þær laga höfuðverk, af því að þær drepa þig. Hausverkurinn hverfur af því að þú missir meðvitund! Þess vegna erum við með lyfjaeftirlit sem segir að töflurnar þurfi að virka, en um leið vera öruggar.

Það sem verðtryggingin gerði var að hún tryggði að bankamennirnir fengju útlán sín endurgreidd, en það gleymdist að bankamenn geta því aðeins fengið greitt að lántakandinn sé á lífi. Það var eiginlega ákveðið að drepa lántakand-



STIGLITZ Á HOLTINU Hagfræðingurinn var umsetinn fólki sem vildi hitta hann í gær. Fjölmíðla- og stjórnmálamenn saust á vappi í anddyrinu og í kringum hótelið. Blaðið fékk úthlutað þrjátíu mínútum, sem lengdust í tæpar fjórutíu, enda Stiglitz maður margra orða.

ann og þetta er vandamálið sem þið þurfið að leysa. Þetta var illa hönnuð vara, sem stjórnvöld hefðu átt að segja að væri örugg vara.

Það sem má læra af þessu er að það þarf að setja á fót fjármagnsvöru-öryggiskerfi. Þið þurfið hér eftir að gæta að því að varan sé í lagi, og það þurfum við líka að gera í Bandaríkjunum.

Léleg verðtrygging

Hvernig hefðu lánin átt að vera?

Venjulegir fátækir Íslendingar hefðu átt að geta fengið vöru sem hefði tekið mið af greiðslu-

getu þeirra. Það væri sanngjarnt að tengja afborganir við laun. Ef launavísitala hækkar af því að vöruverð hækkar, sem er almenn verðbólga, þá ættirðu að borga meira.

En hér gleymdist að taka með í reikninginn að greiðslugeta eykst ekki eftir því sem verðbólgan hækkar, heldur eftir því hvernig laun hvers og eins hækkar, miðað við verðbólgu. Þetta var mjög illa hönnuð vara. Meiningin var að þegar almennt verðlag hækkaði, þar með talið virði launa og húsnæðis, ættirðu að borga meira, en

þeir hugsuðu ekki um að verð gæti hækkað óháð launum. Þá ertu bara í enn meiri vandræðum því rauntekjur þínar lækka og afborganir hækka. Þá ætti þvert á móti að lækka afborganir.

Svo að fjármálamarkaðurinn var verulega lélegur. Það er svolítið erfitt að fá innsýn í hvort hann var vanhæfur eða spiltur, en ég held hann hafi verið hvort tveggja. Með spillingu á ég við arðrán. Það er ekki hægt að kenna gjaldmiðlinum um að fjármálakerfið hafi verið heimskt.

Tökum annað dæmi: Þið hefðuð verið með evru og einhverjum hefði dottið í hug að ganga um og bjóða jenalán, með lægri vöxtum. Þar er sama áhættan. Þú getur vel ímyndað þér einhvern gera þetta. Fjármálakerfið er afar snjallt í að arðræna fólk, og ekki bara ómenntað fólk. Jafnvel fólk með doktorsnám að baki skilur ekki fjármálamarkaði.

Vill endurskoða skuldir

Þú telur bæði verð- og gengistryggð lán hafa verið gölluð?

Já, að því leyti að það hefði ekki átt að leyfa sölu þeirra til íslenskra lántakenda. Þið hefðuð átt að hafa reglubatteri sem útlístaði hver áhættan var með hverri fjármagnsvöru. Sem hefði sýnt fram á að fimm prósent tímans verða 95 prósent fólksins gjaldþrota. Það er óþolandi og það má ekki leyfa slíku að gerast. Rót vandans var að bankarnir voru lélegir, en það er alltaf þannig. Því er meginástæðan fyrir vandræðunum að regluverkið vantaði.

Nú eru lánin í höndum ríkisins og stjórnvöld öttast að afskrifa þau, með þeim rökum að samfélagið hafi ekki efni á því. Ber þeim skylda til að leiðrétta mistökin?

Fólkinu verður að gefa nýtt upphaf, það er spursmál um skilvirkni, félagslegt réttlæti, félagslega samstöðu og réttsýni. Ef það verður ekki gert skapast eigendalaust kerfi, þar sem fólk reynir eftir getu að strípa eignir sínar áður en það missir þær. Það þarf að gera þetta fljótlega og eftir félagslegu samkomulagi. En það má ekki láta saklaust fólk, sem aldrei tók þátt í veðmálum, borga fyrir slæma hegðun annarra. [Þetta er útskýrt betur neðar á síðunni.]

En nú eru sum innlán verðtryggð. Ætti að breyta þeim líka?

Hluti af vandanum er að verðtryggingin kann að vera illa hönnuð. Því hún hækkar áfram, eftir að neyslan breytist. Húsnæði er til dæmis stór hluti af verðtryggingunni og vísitalan hækkar þótt húsnæðisverð lækki. Því er ekki tryggt að verðtrygging endurspegli raunverulega þróun. Eðli slíkra áhættusamninga þarf að ræða í þaula. Í flestum löndum fara laun og verð saman upp eða

VERÐUR ÓBUNDINN RÁÐGJAFI

„Það hafa þó nokkrir spurt mig að þessu,“ svarar Stiglitz brosandí, spurður hvort hann verði ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

„Ég hef sagt að ég myndi auðvitað hjálpa þeim ef ég gæti og sérstaklega um ákveðna endurskipulagningu í efnahagsmálum, en þetta var mjög óformlegur fundur [hans og nokkurra ráðherra á mánuðag] og ég kann mun betur við það fyrirkomulag. Ég hef afar mikið að gera og á erfitt með að lofa mér fram í tímann, en ef það er eitthvað sem ég get gert þá geri ég það, hvort sem það verður í gegnum síma eða hvað.“

Hann verði nokkurs konar óbundinn ráðgjafi, sem stjórnvöld geta haft samband við þegar þörf er á.



FRÉTTASKÝRING

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@rettabladid.is

AÐFERÐ STIGLITZ TIL AÐ LEIÐRÉTTA LÁN

- „Þú byrjar á því að endurskipuleggja lánin og lengja endurgreiðslutímamann um tugi ára og lækka þannig afborganir.
- Síðan ætti að slíta tengingu lána við vísitölu neysluverðs, endurskrifa alla samninga og segja: Svona eru nýju samningarnir, tengdir launavísitölu.
- Margir munu geta borgað samkvæmt nýju samningunum, án þess að hafa áhyggjur af gengi og verðbólgu.
- Síðan eru aðrir sem ekki geta borgað. Hjá sumum þeirra breytir þú skuldunum í eignir lánardrottna. Það þýðir að ríkið myndi eignast hlut í fasteigninni og eftir kannski tuttugu ár, þegar eignin er seld, fær ríkið samsvarandi hlut af söluverðinu. Þannig gefur þú

- samfélaginu aftur og færð ekkert ókeypis.
- Að þessu loknu verður enn fólk sem ekki getur borgað og þarf að fá afskriftir. Það er gjöf og hana ætti að skattleggja. Fá einhver tvær milljónir niðurfelldar mætti dreifa þeim á tuttugu ár og fólk greiddi skatt af hundrað þúsundum á ári. Þeir sem eru með lægstu launin greiða minnstan skatt, jafnvel ekkert, en síðan greiða þeir meira eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ríkt fólk gæti kannski greitt sextíu prósent.
- Þannig deilir fólk gjöfinni með samfélaginu. Þetta er gróft réttlæti, því sumir fengu kannski hærri lán gegnum vinskapi á sínum tíma, en þetta er réttlátt.“

Ný námskeið með Ingu í september og október!

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar?

...en veist ekki hvar þú átt að byrja

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar!

Miðvikudagurinn..... 16. september
Þriðjudagurinn..... 22. september
Þriðjudagurinn..... 06. október

Innifalinn er mappa með uppskriftum og fróðleik

Staðsetning: Heilsuhúsið Lágmúla kl. 19:30 - 22:00
Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is
Námskeiðsgjald kr. 3.900,-



Nánar um námskeiðið á www.heilsuhusid.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í tölvunám Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og **yfir 39.000 nemendur** hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Úrvalsnám og -námskeið

• Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 st./12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 st./16.900

Photoshop Elements • 13 st./18.900

Stafræn myndbandagerð • 13 st./18.900

• Excel og Access námskeið

Excel I: Almenn nám • 22 st./26.900

Excel IIa: Sérhæft nám • 18 st./32.900

Excel IIb: Fjárm., bókh. & endsk. • 18 st./39.900

Excel IIc: Fjölvar og forritun • 27 st./49.900

Excel: Pivottöflur og gagnavinnsla • 9 st./19.900

Access I: Almenn nám • 22 st./29.900

Access II: Sérhæft nám • 18 st./34.900

• PowerPoint & Word námskeið

PowerPoint I: Almenn nám • 13 st./16.900

PowerPoint II: Sérhæft nám • 9 st./14.900

PowerPoint I + II • 22 st./25.900

Word I: Almenn ritvinnsla • 22 st./26.900

Word II: Kraftmikil ritvinnsla • 18 st./26.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 st./18.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 st./8.900

• Verkefnastjórnun

Hagnýt verkefnastjórnun • 50 st./99.900

PRINCE2 verkefnastjórnun • 13 st./34.900

Project verkefnastjórnun • 18 st./44.900

• DreamWeaver, Photoshop & Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 st./32.900

DreamWeaver og Photoshop • 54 st./54.900

DreamW., Photoshop og Flash • 72 st./76.900

Flash I: Margmiðlun • 18 st./27.900

Flash Action Script forritun • 18 st./27.900

Photoshop: Ljós- og grafík • 27 st./32.900

Photoshop II: framhald • 18 st./32.900

• Ýmis námskeið og lengra nám

ASP .NET vefforritun • 36 st./79.900

Kvöldstund með Facebook • 4 st./6.900

Fingrasetning - tölvuvéiritun • 6 st./7.500

FileMaker I: Byrjendanám • 9 st./16.900

FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 st./34.900

Hagnýtt bókhald I+II • 153 st./169.900

Hugarkort - MindMaps • 4 st./9.900

Internetið og tölvupóstur • 9 st./11.900

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • 13 st./16.900

Outlook II: Fyrir lengra komna • 9 st./14.900

Outlook tímastjórnun • 4 st./8.900

Publisher: Bæklingar, kort ofl. • 13 st./21.900

Skrifstofu- og tölvunám • 200 st./129.900

SQL grunnur • 13 st./26.900

Tölvu- og bókhaldsnám • 260 st./169.900

Visual C# .NET forritun • 94 st./159.900

Windows fyrir byrjendur • 9 st./11.900



Tölvunám fyrir 50+

Dag-, síðdegis- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnu- lífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3




Tölvuþekking fyrir konur

Kvöldnám

Einstakt nám til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, töflureikninn Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi. Nám sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 60/3



Stafræn ljósmyndun

Dag- eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13



Almennt tölvunám

Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4




Hagnýtt bókhaldsnám II

Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinu til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



Hagnýtt bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Morgunnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfanga og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 180/9



Hagnýt verkefnastjórnun

Morgunnám

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Vefhönnun og margmiðlun

Dag- eða síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **stydja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- **Vinnuálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Opinbert eftirlit með starfsemi vistheimila og skóla var í molum.

Aldrei aftur

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nokkuð er um liðið síðan Breiðavíkurskýrslan svo nefnda kom út en í henni var að mestu staðfest það sem áður hafði komið fram um, oft á tíðum, illa meðferð drengja sem þar dvöldu.

Í framhaldi af Breiðavíkurskýrslunni var tekin sú rökrétta ákvörðun að halda áfram að kanna starfsemi heimavistar-skóla og vistheimila sem störfuðu hér á landi á sama árabili og vistheimilið í Breiðavík, þ.e. á seinni hluta aldarinnar sem leið.

Fyrsta skýrslan eftir Breiðavíkurskýrsluna var birt í gær og tekur til starfsemi Heyrnleysingjaskólans og vistheimilanna í Kumberavogi og á Bjargi á Seltjarnarnesi. Meginniðurstaða þeirrar skýrslu er að opinbert eftirlit með starfseminni hafi brugðist.

Vistun barnanna var í fullu samræmi við lög og reglugerðir þess tíma og í anda þess sem venja stóð til um í þeim nágranna-löndum þar sem íslensk barnaverndaryfirvöld sóttu helst reynslu og fyrirmyndir. En á sama tíma og lög og reglugerðir heimiluðu að börn væru, annaðhvort vegna ástands síns, svo sem heyrn-arleysis, eða heimilisaðstæðna vistuð fjarri fjölskyldu sinni á vistheimili eða í heimavistarskóla, brugðust bæði barnavernd-aryfirvöld og yfirvöld menntamála þeirri skyldu sinni að hafa öflugt eftirlit með starfsemi heimilanna.

Gríðarleg vinna liggur að baki skýrslunum tveimur. Mikilvægt er að nýta þá vinnu vel, bæði í þágu þeirra sem um sárt eiga að binda eftir vistun á vegum opinberra aðila og barna samtímans og framtíðarinnar því það má aldrei nokkru sinni endurtaka sig að börn á Íslandi þurfi að þola meðferð eins og börn sættu á vistheimilum fram eftir allri nýliðinni öld.

Bæði forsætisráðherra og félagsmálaráðherra hafa fyrir hönd íslenska ríkisins beðist afsökunar á því sem gerðist. Það er aðeins fyrsta skrefið. Ríkisstjórnin hefur einnig boðað að auk þess að eftirlit með vistheimilum af hálfu hins opinbera verði bætt, verði sett almenn lög um bætur vegna misgjörða á vistheimilum og skipuð bótanefnd sem tengiliður vistmanna starfar með. Einnig er boðað skattfrelsi bóta og erfðaréttur vegna einstaklinga sem fallið hafa frá. Þetta eru stór loforð en ljóst að ekki dugir minna til að koma til móts við skaða þeirra einstaklinga sem þarna um ræðir.

„Við skuldum því fólki sem á um sárt að binda vegna mistaka í fortíðinni að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að slíkir atburðir hendi aldrei aftur,“ segir í yfirlýsingu Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra. Undir það er hér tekið.

Sem betur fer er margt í aðbúnaði barna á Íslandi nú í betri farvegi en reyndin var fyrir fáeinum áratugum. Almennt er nú borin meiri virðing fyrir börnum og mannréttindi þeirra betur virt en áður. Vissulega búa þó mörg börn við aðstæður sem að sönnu eru ekki börnum bjóðandi.

Skýrslurnar um starfsemi vistheimila og heimavistarskóla eru þó vonandi trygging fyrir því að atburðir eins og þeir sem áttu sér stað, ekki bara í Breiðavík heldur víðar á vistheimilum, muni aldrei endurtaka sig. Bilið milli lagasetningar og framkvæmdar á meðferðarheimilum og skólum verður að brúa þannig að réttindi barna verði tryggð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. Issn 1670-3871



VEITINGAHÚS ATHUGIÐ!

Hrefnuveiðimenn eru við veiðar út september og því hægt að nálgast ferskt hrefnukjöt á þeim tíma. Erum byrjaðir að frysta og taka pantanir fyrir veturinn.

Nánari upplýsingar á www.hrefna.is eða í síma 690-3408

Hrefnuveiðimenn ehf.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Víða meðvirkni

Í merkur pistli í Mogganum í gær rekur Björgvin Guðmundsson viðskiptaristjóri samskipti sín við Seðla-banka Íslands, í ágúst á síðasta ári. Björgvin flutti þá fréttir um að bankarnir væru taldir svindla á Seðlabankanum í veðlávísðskiptum sem nú er komið á daginn að kosta almenning á bilinu 150-350 milljarða króna. Björgvin rifjar upp yfirlýsingu sem Seðlabankinn gaf út þar sem forsiðufrétt Moggans um málið var borin til baka. „Mér var sagt persónulega af bankastjóra bankans að þessi yfirlýsing hefði verið send út vegna þrýstings frá stjórnend-um fjármála-fyrirtækja.

Það voru víða meðvirkir menn að störfum þegar reynt var að upplýsa hvernig hlutirnir voru í raun og veru,“ segir Björgvin. Hann segist rifja þetta upp í tilefni af málsókn Björgólfs Thors og Karls Wernerssonar gegn fréttastofu Stöðvar 2 út af umfjöllun um meinta peningaflutninga þeirra í aðdraganda hrunsins og spyr: Hver getur afhjúpað sannleikann í því máli?”

Allt

Einu sinni var lífið einfalt á Íslandi. Þá var sagt að armar Kolkrabbans héldu íslensku samfélagi í greipum sínum. Samkvæmt dýrafraeðinni er

kolkrabbinn með átta arma. Svo var talað um fjölskyldurnar fjórtán, sem sagðar voru ráða því sem þær vildu ráða í íslensku samfélagi.

Á 21. öldinni er samfélagið flóknara og tölurnar allt aðrar og hærri. Í gær sagði DV frá því að búið sé að rekja þá þræði sem tengja saman viðskiptatengsl Finns Ingólfssonar, viðskiptajöfurs S-hópsins, og Kristins Hallgrímssonar, lögmans þess sama S-hóps. Þeir félagar eru vist tengdir saman á 850 vegu! Hvað ætli þeir reynist margir leyniþræðirnir í köngulgarvef íslensks viðskiptalífs þegar búið verður að telja öll tengsl helstu útrásarvirk- inga?

peturg@frettabladid.is

Leiðin frá ánauðinni

Ekkert hefur verið að marka eðligrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til hjálpar atvinnulífi og skuldugum heimilum. Vandinn vex með degi hverjum og það er ógnvekjandi hversu ráðalaus ríkisstjórnin er.

Raunhæfa leiðin er aðeins ein: Að efla atvinnulífið með öllum til-tækum ráðum Og stuðla þannig að styrkingu gjaldmiðilsins, vaxta-lækkun og eflingu skattstofna.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til að greiðslur til lífeyrissjóða yrðu skattlagðar við innborg-un, en ekki útgreiðslu eins og nú er. Þetta þýðir um 40 milljarða viðbótartekjur sem engin áhrif hefðu á afkomu lífeyrisþega. Þessi upphæð jafngildir niðurskurðri ríkisstjórnarinnar til vegamála, öryrkja og ellilífeyrisþega og við-bótar skattþíningu á einstaklinga og fyrirtæki. Reikna má með að lánshafismat ríkissjóðs myndi styrkjast við þessa aðgerð.

Þannig gætum við haldið fyrri áformum um mannfrek verkefni í samgöngum, sem hægt er að fara í með tiltölulega stuttum fyrirvara og efla þannig atvinnulíf í þeim geira sem hvað verst er stadd-ur. Auk þess væri hægt að draga úr þeirri auknu skattþíningu sem þessi ríkisstjórn hótar.

Endurreisn atvinnulífs

Búðarhálsvirkjun og Hverahlíðar-virkjun eru þau virkjanaverkefni sem bíða og skortir fjármögn-un. Hér verða lífeyrissjóðirnir að koma til skjalanna með skamm-tíma fjármögnun til að koma þeim verkefnum af stað. Góð arðsemi er af raforkuframleiðslu til stór-idju og áhættulítið fyrir lífeyris-sjóðina að leggja fram fjármagn. Við getum ekki ætlast til að aðrir séu tilbúnir að veðja á okkur ef við gerum það ekki sjálf.

Tilkynning um að þessi verk-efni fari af stað mun blása nýju lífi og von í íslenskt atvinnulíf. Jafnframt þarf að laða til landsins



JÓN GUNNARSSON
UMRÆÐAN | Skuldir heimila

fyrirtæki sem nýtt geta orkulindir til verðmætasköpunar. Án þessa munum við ekki geta komið fram með raunhæfar leiðir til hjálpar skuldugum heimilum. Áframhald-andi aðgerðarleysi í málefnum atvinnulífs og heimila leiðir okkur til ánauðar.

Félagsleg aðgerð, ekki fjárhagsleg

Fjöldi heimila er tæknilega gjald-þrota. Ríkisstjórnin horfir ráða-laus á og kemur sér ekki að verki. Því hefur verið haldið fram að ekki séu til peningar til skuldaniðurfell-inga og ekki megi afskrifa skuldir heimilum til bjargar, vegna mis-mununar þurfandi og þeirra sem ekki þurfa aðstoð. Þessi sjónarmið standast ekki og eru fyrirsjáttur verkfræðingarnir stjórnmalamanna sem reyna að finna sér leið til þess að koma sér hjá því að takast á við verkefnið.

Ástæður skuldavanda heim-ila eru fjölmargar. Ein er vegna fjármögnunar húsnæðiskaupa og bílakaupa með erlendum lánum. Önnur er stórfelld hækkan vísitölu-tryggðra lána. Óhófleg skuldsetn-ing sem haldið er á floti þegar noga vinnu er að fá verður að martröð skuldarans þegar atvinna minnk-er eða viðkomandi missir vinnuna. Vandinn einyrkja hefur ekki notið athygli stjórnvalda. Margir þeirra eru með allt undir í sinni starfsemi; heimili og atvinnurekstrar. Bænd-ur eru gott dæmi um slíka, einnig smærri verktakar, ráðgjafar o.fl. slíkir. Alvarlegri stöðu þessa fólks er í engu sinnt.

Auðvitað er það rugl sem haldið hefur verið fram „að ekki séu til-peningar til niðurfellinga skulda“. Peningarnir eru einfaldlega tapað-ir – horfnir – og því er það einung-is bókhaldsleg aðgerð að afskrifa skuldina og skera skuldarann niður úr snörunni. Þjóðhagslega er það miklu heppilegri aðgerð en að keyra fólk í gjaldþrot með þeirri niðurlægingu sem því fylgir. Ein-staklingur sem stendur uppréttur er miklu líklegri til þess að vinna sjálfum sér og þjóð sinni gagn, en sé sem beygður hefur verið og nið- urlægður.

Mismunur fólks með því að fella niður skuldir eins en ekki ann-ars eru önnur rök sem nefnd hafa verið gegn skuldaniðurfellingum. Sú röksemd er fátíðleg. Má ekki hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi, vegna þess að þá yrði þeim mis-munað sem ekki þarf að hjálpa?

Einn lykिलinn að lausninni er sú að skilgreina björgunaraðgerðirnar sem félagslega aðgerð en ekki fjárhagslega. Hingað til hefur ekki verið talið að fólki sé mismunað þótt einn njóti félagslegrar aðstoð-ar en ekki annar. Í eðli sínu er björgun skuldugra heimila félags-legt úrræði og á ekkert skylt við mismunun. Við hjálpum þeim sem eru hjálpar þurfi. Það hefur alltaf verið stefna Sjálfstæðisflokksins og er það enn.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna er ábyrg fyrir þeirri töf sem orðin er. Ríkis-stjórnin fékk fallettinn í Icesave málinu og við allar eðlilegar aðstæður hefði hún hrökklast frá völdum. Verkstjóri ríkisstjórnarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, er heillum horfin og í raun meira en það. Hún er týnd. Þótt hennar sé almennt ekki saknað hefur þjóð-félagið ekki efni á því við þessar aðstæður að forystan sé í felum. Hún verður að koma fram eða taka pokann sinn að öðrum kosti.

Höfundur er alþingismaður.

Þögn Sigmundar

UMRÆÐAN

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson skrifar um Evrópumál

Af hverju heyrir ekkert í formanni Framsóknarflokksins í Evrópumálum? Undirritaður hefur oft velt þessari spurn-ingu fyrir sér eftir flokksþing flokksins í byrjun ársins. Þar var samþykkt metnað-arfull ályktun um Evrópumál, sem sumir reyndar lýstu sem skilyrðum Framsóknar-flokksins fyrir því að ESB myndi ganga í Ísland. Gott og vel. Sé leitað í greinasafni MBL, FBL og á bloggi Sigmundar kemur í ljós að hann hefur hins vegar ekkert skrifað um Evrópumál. Sömu sögu er að segja um heimasíðu flokksins þar skrifa einhverjir aðrir um Evrópumál, s.s. Sív Friðleifs-dóttir og Gestur Guðjónsson.

Þetta hlýtur því að vekja þá spurningu hvort Sig-mundur Davíð hafi áhuga á Evrópumálum. Var hin fína ályktun Framsóknar um Evrópumál bara til þess að slá ryki í augu fólks, láta líta út sem flokkur-inn væri að endurnýja sig? Hvað skýrir þessa þögn Sigmundar gagnvart Evrópu?



GUNNAR
HÓLMSTEINN
ÁRSELSSON

Hann hefur hins vegar barist hatramm-lega fyrir niðurfellingarleið Framsóknar á skuldum, aðferð sem er umdeild. Einnig hefur hann barist hatrammlega gegn Icesave-samningunum og tilheyrir sk. Indefence-hópi. Gott og vel. Sigmundur er mikill baráttumaður. En hann berst ekki fyrir Evr-ópumálunum, þar er þögn hans æpandi.

Framsóknarflokkurinn hefur hag af því að fá hagstæða útkomu út úr aðildarsam-ningum, ekki bara fyrir alla Íslendinga, held-ur einnig fyrir kjarnakjösendur flokksins, bændur. En til þess telur undirritaður að það verði að vera opin umræða um Evrópumál og markmið í þeim málum innan flokksins. Á formað-ur flokksins ekki að skapa þá umræðu, vera leiðandi innan flokksins í málefnum? Þannig er það ekki í dag. Hver er sýn þín á Evrópusamstarfið, Sigmund-ur Davíð?

Það hlýtur að teljast sérkennilegt að formaður flokks, sem setur fram jafn metnaðarfulla sýn á Evrópumál og Framsóknarflokkurinn gerði, tjái sig svo ekkert um málið og fylgi því ekki eftir.

Höfundur er stjórnmalafraeðingur.



SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR standa fyrir ráðstefnu fimmtudaginn 10. september. Þar verður til umræðu hvernig tilkoma nýja tónlistar- og ráðstefnuhússins muni gjörbreyta aðstæðum Íslendinga til að ná í aukin viðskipti á fundamarkaði. www.saf.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Erum flutt í Valsheimilið að Hlíðarenda

20 ÁRA
1989-2009

Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hiphop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa

Nýtt! Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Kóru
Dansfélag Reykjavíkur

Dansráð Íslands | Faglerðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645



„Þetta var skemmtileg ferð og við undum okkur vel í Herjólfssdal,“ segir Greipur Gíslason um dvöl sína í hverfinu Happy Valley í Hong Kong. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Drukkum agalega fínt te

Ísfirðingurinn Greipur Gíslason fer á hverju ári í haustferð með Gylfa Ólafssyni vini sínum til einhvern borgar sem hvorugur hefur komið til áður. Haustið 2007 voru þeir grand á því og völdu Hong Kong.

„Við Gylfi byrjuðum á því 2002 að fara í borgarferð til að eyða sum- arhýrunni og svo höfum við haldið þessum sið,“ segir Greipur og heldur áfram. „Árið 2007 fórum við, ásamt Tinnu Ólafsdóttur vin- konu okkar, til Hong Kong. Það var æðislega gaman. Venjulega höfum við Gylfi tekið langa helgi í ferðirnar en að þessu sinni splæst- um við tveimur helgum og vik- unni á milli. Vinir okkar bjuggu þarna og venslafólk þeirra lánaði okkur íbúð í frábæru hverfi sem heitir Happy Valley og við ákváð- um að nefna Herjólfssdal.“

Greipur segir þá ferðafélagana hafa skaðað helstu staði í borg- inni. „Þetta var skemmtileg ferð og við undum okkur vel í Herjólfssdal,“ segir hann. „Meðal ann- ars drukkum við agalega fínt te á Peninsula-hótelinu undir lifandi tónlist strengjakvartetts,“ segir hann hlæjandi og viðurkennir að

dálíttill 2007-bragur hafi verið á þeim. „Já, ég leyfi mér að segja að þetta hafi verið á ævikvöldi 2007, enda var nóvember. Ég veit ekki hvort það á að koma fram en við urðum hálfgerðar boðflennur í veislu sem haldin var í tilefni af opnun útibús Landsbankans. Eftir hrúnið var fjallað um þá veislu vegna bruðls. Við borg- uðum auðvitað fyrir okkar ferð sjálf og vorum í hlutverki í þessu partíi. En vorum agalega fín og við Gylfi í nýjum fötum sem við fengum klæðskera í borginni til að sérsauma á okkur.“

Eitt af því sem Greipur og sam- ferðafólkið skoðaði í ferðinni var borgin Macau, sem varð hluti af Kína árið 1999 eftir að hafa verið portúgölsk nýlenda. „Macau er í 40 mínútna siglingafjarlægð frá Hong Kong og þar er annar gjald- miðill og yfirbragðið allt evrópsk- ara. Vinalægri torg og svona,“ lýsir

hann. „Macau er þó þekkt fyrir að vera Vegas Asíu og þar er við- bjóðslega stórt spilavíti.“

Sem dæmi um borgir sem þeir félagar hafa heimsótt saman á síðustu árum nefnir Greipur New York og Washington, Þórshöfn og Salzburg. „Stundum höfum við farið af því að við höfum þekkt einhvern á staðnum, drifið okkur í að nota tækifærið,“ segir hann. En hvert skyldu þeir halda á þessu hausti? „Við stefnum á Genf,“ upp- lýsir hann en kveðst ekki mega vera að því að hugsa um það strax því hann sé að undirbúa alþjóð- lega kvikmyndahátíð sem standi frá 17. til 27. september. „Í raun þarf enginn að ferðast héðan því heimurinn kemur til okkar. Það verða yfir hundrað myndir frá fjórutíu löndum á dagskránni,“ segir hann. „En mér sýnist samt stefna í að ferðin okkar verði í lok október.“

gun@frettabladid.is

ALLT HEIMILI

1

-15%

SMURVINNA

afsláttur af vinnu við smur!

BÍLKÓ

2

Tilboð

BÓN OG ÞVOTTUR

Alprif og teflonbón á tilboðsverði!

3

-15%

DEKK

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!

ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Á FERÐINNI

BÆNDAFERDIR bjóða upp á golf-ferðir til Túnis. Þar er að finna góða golfvelli og þægilegt loftslag til golfiðkunar.
www.baendaferdir.is



Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitara
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Grill og gaman í Básum
18.–20. sept.

ÚTIVIST
Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

Alþjóðleg ferðaráðgjöf

Ferðamálastofa Íslands er fyrstur skóla hér á landi til að bjóða upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum og við aðra ferðapjónustu.




www.menntun.is



Bílar frá Hyundai njóta aukinna vinsælda í Bandaríkjunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sala Hyundai eykst

NÆRRI FIMMTÍU PRÓSENTA AUKNING
VAR Á SÖLU HYUNDAI Í BANDARÍKJUNUM Á MILLI ÁRA.

Hyundai Motor America kynnti nýlega sölutölur fyrir ágúst mánuð. Þar kemur fram að 60.467 bílar voru seldir eða 47 prósent fleiri en í ágúst mánuði 2008 og 33 prósent fleiri en í mánuðinum á undan. Þetta þykja tímamót þar sem aldrei hafa selst jafnmargir bílar hjá fyrirtækinu í Bandaríkjunum á einum mánuði. Þá er þetta áttundi mánuðurinn í röð sem Hyundai bætir markaðshlutdeild sína á Ameríkumarkaði.

Hafa það verið hinir nýju gerðir, Hyundai Elantra og Hyundai Genesis, sem hafa hafa notið mestra vinsælda.

Sala Hyundai gengur einnig vel í Evrópu sem er talið mjög jákvætt miðað við slæma stöðu bílaíðnaðarinnar í heiminum.

Nýlegar gerðir smábíla í i10, i20 og i30 hafa notið mikilla vinsælda í Evrópu og í júlí síðastliðnum var söluaukning Hyundai í Evrópu 29,2 prósent samanborið við sama tímabil árið 2008 en á sama tímabili jókst heildarbílasala aðeins um 2,6 prósent á evrópskum markaði.



Búri er tignarlegur hellir í Leitarhrauni á Reykjanesskaga. Af myndinni mætti ætla að um manngerð göng væri að ræða.

Leitað að nýrri veröld

Hvernig er að stíga fyrstur manna fæti á einhvern nýfundinn stað? Heppinn þáttakandi í hellaleitarferð í Kjalhraun um aðra helgi getur komist að því. Björn Hróarsson jarðfræðingur verður í broddi fylkingar.

„Það er alltaf skemmtilegt að setja sig í spor landkönnuða og leita að nýjum slóðum. Það ætlum að gera. Fara og finna nýjan heim,“ segir Björn Hróarsson jarðfræðingur þegar hann er spurður út í væntanlega hellaleitarferð í Kjalhraun dagana 18. til 20. september.

Björn talar af reynslu því ófáa hellana hefur hann fundið á Íslandi enda viðurkennir hann að hafa lítið gert annað en leita þeirra á vissum tímabilum þegar hann var að safna efni í hellabækur sínar tvær, Hraunhellar á Íslandi kom út árið 1990 og Íslenskir hellar 2006. „Þegar ég byrjaði í hellamennsku 1979 voru innan við tuttugu hraunhellar þekktir á landinu en í seinni bókinni fjalla ég um 520 slíka hella,“ segir hann.

Væntanleg hellaleitarferð í Kjalhraun verður farin á vegum Hellarannsóknafélags Íslands, Hveravallafélagsins og Extreme Iceland. Gist verður á Hveravöllum og í boði er kvöldverður fyrir þá sem vilja.

Björn kveðst vona að góður hellir finnst í hrauninu til að fara með ferðamenn í. „Hann þarf að vera þannig að hægt sé að fara í hann með fólk án þess að hellirinn bíði af því tjón. Svo þarf hann að vera þolanlega aðgengilegur, þokkalega stór og tiltölulega auðveldur yfirferðar.“ Hann nefnir Lofthelli í Mývatnssveit sem dæmi um slíkan helli. Þann helli fann hann sjálfur í október 1989 og Mývetningar hafa farið í hann með ferðamenn



Björn hefur fundið marga hella. Hér er hann að koma upp úr gjótu í Stórávitishrauni í Kelduhverfi en hafði ekki árangur sem erfiði í það skiptið.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

síðan. „Hann hefur þetta allt, er passlega erfiður og aðgengilegur. Þar er fátt að skemma en hellirinn hefur margt að bjóða.“


En hvernig eiga þeir sem fara í Kjalhraun að vera útbúnir? „Það er nóg að vera með reiðhjólajálm og vasaljós en eigi menn ekkert

slíkt þá verður því bjargað. Aðalatriðið er að vera vel klæddur til göngu því við verðum mun meira ofan jarðar en neðan. Þetta er góð ferð fyrir göngu- og útivistarfólk. Það fær að ganga um skemmtilegt hraun og leita að fjársjóði í leiðinni.“

gun@frettabladid.is



Ferlir í Hvammahrauni á Reykjanesskaga hefur mikilúðlegt auga eins og sjá má.



Í hellinum Ferli á Reykjanesskaga.



Fosshellir er í Heiðinni há á Reykjanesi.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Allar smáauglýsingar
vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARATÆKI



Mazda 6 2/2005 ek. 40þús. einn/m öllu toppluga Xenon ljós Bose soundsystem og fleira Verð.250.000.- áhvilandi lán kr. 1.280.000.- ath. skipti ódyrara.



Toyota Corolla 1.4 Wagon 5/2006 ek. 65þús. Verð kr. 1.790.000.- áhvil. 822.000.- ath. skipti ódyrari.



VW Golf 1.6 trendline 5/2007 ek. 64þús. Verð 2.290.000.- ath. allt að 100% lán.

Bílahöllin
Bíðshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Toyota Landcruiser 200 VX árg. 03/2008 5.7 L bensín, 7 manna, Flottur bíll verð 11.8 ath. skipti.

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



M. BENZ ML 350 4MATIC, árg. 2006, ek.99þús.km., 269 hö, leður, luga, rafmagn, loftþúfaþjófdrun, Harman kardon hljóðkerfi, Hlaðinn aukabúnaði! Litur mjög vel út! Verð 4990 þús.kr.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



AUDI A6 QUATTRO STATION. Árgærd 1999, ekinn 230 þ.km, diesel, 6 girar, 4x4. Ásett 1.390.000 - tilboð 1.090.000kr. staðgreitt #280450.



OPEL ASTRA-G-CC 16V ABS. 11/2001, ekinn aðeins 85 þ.km, sjálfskiptur. Einn eigandi frá upphafi. Allskyns aukahlutir, flottur bíll Verð 690.000.#192031.



CHRYSLER TOWN & COUNTRY TOURING. Árgærd 2008, ekinn 25 þ.km, 3,8L, sjálfskiptur. Leður stow'n'go sætakerfi. Tilboð 3.990.000 staðgreitt #280082.



SUBARU LEGACY WAGON GL 4WD. 07/2003, ekinn 75 þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. 100% yfirtaka 35þkr. á mån.#192067.



NISSAN X-TRAIL. 06/2003, ekinn 137 þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.490.000, áhv. 1.100.000 #280458.



HONDA ACCORD SPORT. 01/2006, ekinn 75 þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.990.000 100% yfirtaka 39þkr. á mån. #280325.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Örfá pláss á staðnum, innisalur
http://www.bilalind.is



Skráðu bílinn á www.hofdabilar.is FRÍTT
eða renndu við í kaffi og við skráum hann fyrir þig og tökum myndir af bílnum.
Mikil sala!

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



TILBOÐ 399 þ. stgr
Til sölu ónotað bjálkahús 16fm + verönd, nývirði 1.250.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is



!!! DIESEL SJÁLFSKIPTUR !!!
Hundai Santa fe 12/05 diesel , sjálfskiptur ekinn 56 þúsund , spoiler ofl. glæsilegur bíll , verð 2.690 gott staðgr. verð. Ekkert áhvilandi, lánamöguleiki í boði. Uppl. í s. 894 6383.

Toyota Reykjanessbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanessbær
Sími: 420 6600



Toyota Hi-Ace diesel árg.'99, 4x4, 9 manna, ekinn aðeins 82 þús., sk.'10, lítur mjög vel út, verð kr. 1.290.000,- 821-6292.



Toyota Hi-Ace árg. 2000, 6 manna, stuttur, bensín, ekinn aðeins 51 þús. km., sk.'10, verð kr. 1.190.000,- 821-6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



Bílar til sölu



Suzuki rmz 250 fourstroke 2004 lítur vel út verð 390 þús. S. 691 4441



Toyota corolla 1600 sjálfskipt 5 dyra hadsbak 08.08.2004 ek 125 þús km verð 1390 þús tilboð 1190 þús stgr Bilfang malarhöfða 567 2000



Ford Explorer ltd 7 manna leður luga allt rafdrifrið 2003 ek 136 þús km Flott verð 1990 þús Bilfang Malarhöfða 567 2000.



Audi 100. 2.3 ek. 230.000. Þarfnast lagf. V.100 þús. S. 840 7437.



JEPPAFELGUR, FÓLKSBÍLAFELGUR FELGUR Í MIKLU ÚRVALI OG Á GÖÐU VERÐI. VDO VERKSTÆÐIÐ BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is



FIARSTÝRÐUR, SPRÆKUR OG SKEMMTILEGUR RAFMAGNSBÍLL MEÐ FIARSTÝRINGU, RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKI Á AÐEINS 34.990,- VDO VERSLUNIN BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is



Sjálfskiptur!

Til sölu Toyota Avensis nýskráður 16.05. 2003 sjálfskiptur 1800 vél. Ekinn 112.000km. skoðaður 2010 verð 1.590.000. Skoða skipti Upplýsingar í síma 693 5053.



911 Turbo 4x4 2001 S.sk Tríptronic Sk 2010 Topp Eintak. V.10,9 OFURTILBOÐ kr.8,5 Lán getur fylgt. ÁTH Skipti Til sýnis á Suðurgötu 76 220 Hf S. 896 0315.



MMC Pajero árg. '92 2.5 ek. 330km. Sk. 09/'10. Verð 220þ. Uppl. í s. 865 1600.



Nú er tími notaðra bíla

Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900,- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300



Subary Legacy árg.2000. Ekinn 143þús. Sjálfssk, krókur, sumar/vetrar dekk. Verð 590þús. Hinrik 8613086

0-250 þús.



Musso '98 2,3 L.Bensín, sjálfsk. Vél bíluð. Verðhugmynd 190 þús. s:8220311

Renault Megané 1999 ek. 190þ. km. Bensín. Sk. '10. V. 240þ. S. 841 8843.

250-499 þús.

Suzuki Wagon R, bsk., álf. skr. 00, ek.38 þús. Sem nýr. V.450 þús. S.692 6030.

2 milljónir +



Til sölu avensis station árg. 2007 ekinn 41þús., 2000vél, leður, bakkskynjari, dráttarkrókur og fl. verð 3,6mkr. uppl. 823-2473.

Bílar óskast

0-200 STAÐGREITT!!!

Óska eftir bíl á 0-200 þús., helst skoðaðan enn má þarfnast smá lagfæringar. s. 691 9374.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska e.að kaupa til niðurris gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari upplí s. 661 2222.

Óska eftir bíl á verðinu 0-100.000 kr. Má þarfnast lagfæringa, helst sk.'10. Skoða allt. Uppl. í s. 861 7600.

Staðgreiði jeppa fyrir allt að 800 þús! Sendið sms 849 8056 eða póst finn-bogikarl@gmail.com

Vill kaupna bíl á 40-150 þús. Uppl. í S. 615 1815.

Jeppar



FLOTTUR JEPPI

ISUZU TROOPER 38". Árgærd 2000, ekinn 110 þ.km, DIESEL, 5 girar, 2 auka-tankar, loftlæstur, loftdæla, hlutföll, Verð 1.790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Pallbílar

Til sölu 8.feta pallhúsi á GMC eða Chevrolet, hurðir í stað hlera. Verð 190.000. Einnig notuð dekk á felgum 285/75/16. Verð 40.000. Uppl. í síma 896 0593.

Vörubílar

Forþjöpurr, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum úttegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélur. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar



Til sölu Fiat Ducato árgærd 2007, með Z480 Joint húsi. Vél Diesel turbo 100 hp. Lengd 635 Snúningsstólar / lsskápur / Markisa 3m / Sjónvarpsloftnet. Ekinn 12.500. Reyklaus og glæsilegur bíll. Verð 7,6 S. 698 2312.

Mótorhjól



Enduro ferðir sem þú getur ekki misst af. Förun nokkrar frábærar helgarferðir á enduro hjólinum í september og október. Lagt af stað á laugardagsmorgni og komið til baka á sunnudag. Mótorhjól, tryggingar, gisting, matur, fylgdarbill, leiðsögn og fleira innifalið. Þú getur komið á eigin hjóli eða fengið hjól hjá okkur. Verð: kr. 58.000,- eða kr. 28.000,- ef þú ert á eigin hjóli. Hringdu í okkur í síma 5787860 eða skoðaðu heimasíðuna okkar www.bluemountain.is



HUSABERG 450 mikið breytt KEPPNISHJÓL top útitítt all yrifarið Tílb 490þ s 8927858

Vantar bíla til sölu



Varahlutir

Tilboð óskast í Toyota Avensis árg. '99 ek. 85þ. til niðurrífs. S. 863 2001.

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Gallopel 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98 Kaupum bíla til niðurrífs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatchback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Kaupi bíla til niðurrífs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílhutur, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

VW, Skoda S. 534 1045

Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrífs. Bilabúið, Sudurhella 10, Hfj.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Catí, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

ÞJÓNUSTA**Veislusalir**

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif, regluleg ræsting sam- eigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Garðyrkja**Gröfupjónusta Auberts.**

Allar stærðir af grófum með fleyg og jarðvegsbor, hlöð- um grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, grófum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.



Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðapjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Smágröfupjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Finnlandi. „Það voru tólf þúsund manns í Þýskalandi sem sáu okkur og í Finnlandi var sána og heitur pottur í herberginu baksviðs. Geri aðrir betur,“ segir Aðalbjörn.

Sólstafir hefur gefið út fjórar plötur, þá síðustu í febrúar síðastliðnum. Samningur sveitarinnar við finnska útgáfufyrirtækið Spikefarm Records er að renna út en verður líklega endurnýjaður á næstunni.

Grínkvöld í fyrsta sinn

Fyrsta grínkvöldið af mörgum verður haldið í „Komedí kjallaranum“ á Kaffi Cultura klukkan 21 í kvöld.

Rökkvi

Vésteinsson

verður með

uppistand og

sigurlið síðustu

Leiktu betur-keppni

úr MR verður

með

spunagrín.

Til stendur að gera þessi kvöld að föstum lið enda hefur lengi vantað regluleg grínkvöld hér á landi eins og þekkt er erlendis. Ekki verður bara boðið upp á uppistand á Kaffi Cultura heldur einnig spunaleiklist þar sem áhorfendur geta tekið þátt í gríninu, tónlistaratríði og ýmislegt fleira.



RÖKKVI VÉSTEINSSON

- fb

Sótti innblástur í Rauðhettu

Fatahönnuðurinn Andrea Magnúsdóttir er flutt heim á ný eftir að hafa lokið námi í fatahönnun við Margrethe-skólann í Kaupmannahöfn. Sem lokaverkefni sitt hannaði Andrea fatalínu sem kallast Rauðhetta Collection og sótti hún innblástur í samnefnt ævintýri.

„Ég var búin að ákveða að mig langaði að gera svolítið ævintýrlegar flíkur og heillaðist af þessu litla, grimma ævintýri um Rauðhettu. Flíkurnar eru hugsaðar sem hluti af haust- og vetrarlínu þannig ég vann mikið með úlfa- og refaskinn,“ útskýrir Andrea, en hún hefur hannað undir eigin nafni frá árinu 2008.

Aldís Pálsdóttir, ljósmyndari í Danmörku, tók myndirnar fyrir Rauðhettu-línuna og segir Andrea samstarfið hafa gengið vel. „Hún er frábær ljósmyndari og það er æðislega gaman að vinna með henni. Hún

KÚBVERSK ÁHRIF Þessi kjóll er úr fyrri línu Andreu. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR.



HÆFILEIKARÍK Andrea hefur starfað við tisku frá því hún lauk menntaskóla. Nú rekur hún sitt eigið hönnunarfyrirtæki.

er mjög fagleg og hæfileikarík og þegar við tókum Rauðhettumyndirnar var hún til dæmis löngu búin að ákveða í hvaða skógi við mundum taka hverja mynd.“

Að sögn Andreu hyggst hún opna verslun við Strandgötu í Hafnarfirði í lok mánaðarins, en hingað til hefur hönnun hennar einungis verið fánleg á netinu.

„Það eru margar konur sem vilja geta mátað og skoðað áður en þær kaupa flíkina. Eftir að ég flutti aftur heim hefur verið stöðugur straumur af viðskiptavinum heim til mín til að máta. Ég sá að það skipti greinilega ekki máli hvar maður er staðsettur og ákvað því að opna verslun við fallega götu í Hafnarfirði,“ segir Andrea.

- sm

MasterCard

Frítt í bíó

Miðvikudaginn 9. september kl. 20.00

WHY WOULD A MAN
FRAME HIMSELF...
FOR MURDER?

JESSE METCALFE
AMBER TAMBLYN
AND MICHAEL DOUGLAS

BEYOND A
REASONABLE
DOUBT

MasterCard korthafar fá frítt á sérstaka forsyningu í Háskólabíói og Regnboganum gegn framvísun MasterCard kortsins. ATH! meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLA BÍÓ Miðasala opnar kl. 17:00 í Háskólabíói og Regnboganum. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ. REGNBOGINN

> Stórsigur hjá U-21 árs landsliðinu

Lærisveinar Eyjólfss Sverrissonar í U-21 árs landsliði Íslands unnu 2-6 sigur gegn Norður-lrum í undankeppni EM 2010 í gærkvöld en leikið var ytra. Staðan var 0-4 fyrir Íslandi í hálfleik. Jóhann Berg Guðmundsson og Rúrik Gíslason skoruðu tvö mörk hvor fyrir íslenska liðið en Bjarni Þór Viðarsson og Alfreð Finnbogason sitt markið hvor. Þetta var annar leikur Íslands í undankeppninni en liðið tapaði gegn Tékkum í fyrsta leik sínum.



sport
sport@frettabladid.is

PAPE MAMADOU FAYE: SKORAÐI FYRSTU MÖRKIN FYRIR ÍSLAND Í 2-0 SIGRI 19 ÁRA LIÐSINS Á SKOTUM

Var markmaður þegar hann kom til Íslands 2003

Fylkismaðurinn Pape Mamadou Faye skoraði bæði mörk 19 ára landsliðs Íslands í 2-0 sigri á Skotum á mánudaginn. Þetta voru fyrstu mörk hans í sumar og hann vonast eftir því að þau hafi brotið ísinn fyrir sig. „Ég mun aldrei gleyma þessum degi,“ sagði Pape Mamadou Faye en hann talar mjög góða íslensku. „Ég var aldrei feiminn við að tala íslensku og alltaf tilbúinn að spyrja um það sem ég vissi ekki,“ útskýrir Pape. Hann fékk íslenskan ríkisborgararétt í desember 2007. „Ég er búinn að vera hérna í sex ár. Mamma er búin að vera hérna í níu ár og þess vegna fékk ég ríkisborgararéttinn á sama tíma og hún því þegar hún fékk hann þá var ég undir 18 ára. Annars hefði ég ekki getað fengið hann fyrr en 2010 held ég,“ sagði Pape sem er frá Senegal. „Ég var líka í fótbolta í Senegal en ég var reyndar markmaður þangað til að ég flutti til Íslands. Ég ætlaði að halda áfram að vera í markinu en þegar ég kom í Fylki í 5.



flokki þá var strákur í markinu sem var miklu stærri en ég og ég hugsaði að ég ætti ekki möguleika á að taka sætið hans. Ég ákvað bara að vera sóknarmaður,“ sagði Pape. „Það er búið að ganga vel hjá Fylki í sumar en ekki hjá mér. Ég er ekki enn þá búinn að ná að skora í sumar,“ sagði Pape sem segir að hann hafi ekki enn náð að hætta að hugsa um færið sem hann klúðraði á marklinu á móti Fram í upphafi sumars. „Albert Brynjar (Ingason) er búinn að vera að spila mjög vel í sumar. Þegar þú ert sóknarmaður og skorar ekki þá skilur maður alveg af hverju hann fær að spila því hann er að skora mörk. Hann á skilið að vera í byrjunarliðinu,“ viðurkennir Pape en bætir við: „Það var samt ég sem klikkaði sjálfur áður en hann komst í byrjunarliðið. Ég svaf algjörlega yfir mig á síðustu æfingu fyrir bikarleik á móti Stjörnunni. Eftir það tók Óli mig úr liðinu í heilan mánuð. Þetta sumar hefur því verið mikill skóli fyrir mig,“ segir Pape sem ætlar að koma sterkur til baka. „Ég vona að þessi mörk á móti Skotum komi til með að hjálpa mér mikið í framhaldinu. Ég vona að ég komi sterkur inn í Pepsi-deildinni og reyni að skora mark á móti Þrótti,“ segir Pape.



DANKA Skoraði bæði mörk Fylkis í 2-1 sigrinum á Breiðabliki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild kvenna:

Danka gerði út um vonir Blika

FÓTBOLTI Breiðablik náði ekki að halda pressunni á toppliði Vals í Pepsi-deild kvenna í gær þar sem liðið tapaði 2-1 gegn Fylki í Árbænum. Breiðablik er nú, líkt og Stjarnan og Þór/KA, fimm stigum á eftir Val þegar tvær umferðir eru eftir í deildinni.

PEPSI-DEILD KVENNA

Stjarnan-Valur	0-2
0-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (55.), 0-2 Kristín Ýr (68.).	
Fylkir-Breiðablik	2-1
1-0 Danka Podovac (26.), 1-1 Fanndís Friðriksdóttir (46.), 2-1 Danka Podovac (53.).	
Keflavík-Þór/KA	0-9
0-1 Mateja Zver (31.), 0-2 Zver (34.), 0-3 Zver (38.), 0-4 Zver (54.), 0-5 Zver (56.), 0-6 Rakel Hönnudóttir (76.), 0-7 Rakel (87.), 0-8 Rakel (89.), 0-9 Rakel (90. +2).	
Afturelding/Fjölnir-GRV	4-0
KR-ÍR	3-2

*Heimild um markaskorara (fótbolti.net).

STAÐAN Í DEILDINN

1. Valur	16	12	2	2	71-17	38
2. Breiðablik	16	10	3	3	46-13	33
3. Þór/KA	16	10	3	3	56-24	33
4. Stjarnan	16	10	3	3	39-14	33
5. Fylkir	16	7	5	4	43-25	26
6. KR	16	7	2	7	32-21	23
7. Afturelding/Fjö	16	5	2	9	26-34	17
8. GRV	16	5	0	11	16-50	15
9. ÍR	16	3	2	11	17-61	11
10. Keflavík	16	0	0	16	6-93	0

Með níu fingur á titlinum

Valsstúlkur stigu risastórt skref í átt að því að verja Íslandsmeistaratitil sinn með 0-2 sigri gegn Stjörnunni á gær. Geta hampað titlinum á mánudag.

FÓTBOLTI „Þetta er mjög sætt og vissulega er þungu fargi af mér létt þar sem það er náttúrulega allt af pressa á að skila titlum á Hlíðarenda. Við erum komin með níu fingur á þennan,“ segir Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, í viðtali við Fréttablaðið eftir 0-2 sigur liðs síns gegn Stjörnunni á Stjörnuvelli í gærkvöldi.

Fyrri hálfleikurinn var harður og einkenndist af mikilli baráttu beggja liða þar sem tæklingarnar flugu úti um allan völl. Enda mikið í húfi fyrir bæði lið í toppbaráttu deildarinnar. Liðin skiptust annars á að sækja í fyrri hálfleik en marktækifærin létu á sér standa lengi vel. Það var í raun ekki fyrir en undir lok hálfleiksins sem Valsstúlkur komust nálægt því að opna markareikninginn þegar Kristín Ýr Bjarnadóttir átti hörkuskalla að marki Stjörunnar en Sandra Sigurðardóttir var þá vel á verði í markinu en Kristín Ýr átti eftir að komu við sögu síðar í leiknum. Staðan var markalaus í hálfleik.

Kristín Ýr til bjargar

Valsstúlkur hófu síðari hálfleikinn af miklum krafti og eftir aðeins tíu mínútna leik skilaði sóknarþunginn árangri þegar Kristín Ýr skoraði eftir sendingu frá Rakel Logadóttur. Kristín Ýr var svo aftur á ferðinni á 68. mínútu þegar hún bætti við öðru marki fyrir Val með skalla eftir glæsilegan undirbúning Dóru Maríu Lárusdóttur. Hvorugu liðinu tókst að bæta við marki á lokakaflanum en sigur Vals þýðir að eftirleikurinn ætti að vera Íslandsmeisturinum auðveldur. Úrslit úr leik Fylkis og Breiðabliks hafa það í för með sér að Valur getur hampað titlinum á mánudag þegar botnlið Keflavíkur kemur í heimsókn á Vodafone-völlinn að Hlíðarenda.

„Um leið og fyrsta markið kom þá fannst mér við vera með þetta. Við erum bestar þegar við spil-



MARKASKORARI Kristín Ýr Bjarnadóttir hefur verið sjóðandi heit í markaskorun fyrir Valsliðið í sumar og skoraði bæði mörk liðsins gegn Stjörnunni í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um okkar „sambabolta“ eins og við gerðum í síðari hálfleik í stað þessara kýlinga í fyrri hálfleik. Við ætluðum bara að klára okkar leiki á lokasprettinum og það er enn stefnan og þá verður þetta hundrað prósent og titillinn skilar sér í hús,“ segir markadrottningin Kristín Ýr.

Þorkell Máni Pétursson, þjálfari Stjörunnar, var ánægður með lið sitt í leikslok þrátt fyrir tapið og hrósaði jafnframt liði Vals í hástert.

„Ég er svekktur með tapið en við börðumst og stefndum á sigur og ekkert annað. Það dugði því miður ekki að þessu sinni. Valsstúlkurnar þurftu samt virkilega að hafa fyrir sigrinum og mér fannst við vera að spila vel, sérstaklega í fyrri hálfleik. En Valsstúlkur eru náttúrulega sigurvegarar og það er engin skömm að viðurkenna það að Valur er með betra lið en við,“ segir Þorkell Máni ómyrkur í máli í leikslok í gær.

omar@frettabladid.is

RunFit

6 vikna námskeið í Run Fit hefst 14. september

Morgunhópur

þri. kl. 8.30 þrekitími (inni)
fim. kl. 8.30 (úti)

Seinnipartshópur

mán. kl. 17.15 þrekitími (inni)
mið. 17.30 (úti)

Styrktar- og hlaupabjálfun.
Einn einkatími með þrekmælingu og prógrammi.
Verð: 15.000 kr.
Skráning hafin.

Sími: 567-6471 / www.threk.is / threk@threk.is

ÁRBÆJAR
PREK
LÍKAMSRÆKT



Gítarnámskeið

12 einkatímar fyrir alla aldurshópa

verð: kr 47.000

innritun er hafin í síma 581 1281

www.gitarskoli.is
gitarskoli@gitarskoli.is

Landsliðþjálfarinn Ólafur Jóhannesson tjáði sig loksins um framhaldið:

Hefur áhuga á að halda áfram

FÓTBOLTI Ísland mætir Georgíu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í kvöld kl. 19.30 en þetta er fyrsti leikur íslenska liðsins síðan það lauk keppni í undankeppni HM 2010 um síðustu helgi með 1-1 jafntefli gegn Noregi.

„Við vitum það og þið vitið það líka að það er náttúrulega mikill munur á að spila alvöruleik og vináttulandsleik. Við erum hins vegar að vinna með tuttugu til þrjátíu manna kjarna í landsliðshópnum og ég set einfaldlega kröfu á þá menn sem stíga inn á völlinn hverju sinni að þeir sýni mér að þeir séu tilbúnir þegar kemur að alvöruleikjunum. Menn verða að nýta tækifærið þegar þeir fá það og ég mun fara vel yfir það með þeim leikmönnum sem spila leikinn,“ sagði lands-

liðþjálfarinn Ólafur Jóhannesson á blaðamannafundi í gær.

Ólafur tilkynnir byrjunarlið sitt á leikdegi að vanda en var búinn að tilkynna að Árni Gautur Arason myndi verða í markinu en hann meiddist svo á landsliðsæfingu og varð að draga sig úr hópnum. Hannes Þór Halldórsson kom inn í hópinn í hans stað en Ólafur vildi ekkert segja um hvort Hannes Þór myndi fá tækifærið í stað Árna Gauts. Þá er

ÓLAFUR Samningur hans rennur út um áramótin.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heiðar Helguson einnig tæpur eftir að hafa fengið högg á hnéð í leiknum gegn Noregi.

Samningur Ólafs við KSÍ rennur út í lok þessa árs en landsliðsþjálfarinn hefur fram til þessa ekki viljað ræða framhaldið en hann gat ekki setið á sér í gær.

„Ef þið endilega viljið vita þá hef ég auðvitað fullan áhuga á að halda áfram með landsliðið. Sú ákvörðun er bara endanlega ekki í mínum höndum. Við sjáum hvað setur. Við munum örugglega setjast niður eftir helgi og ræða málin,“ segir Ólafur.

- óþ

Tipsbladet segir kaupin á Rúrik hafa þegar borgað sig:

Rúrik valinn í lið ágústmánaðar

FÓTBOLTI Danska Tipsbladet hefur valið Rúrik Gíslason í lið ágústmánaðar í dönsku úrvals-deildinni en Rúrik hefur leikið frábærlega með Odense Boldklub. Rúrik er valinn í liðið sem hægri vængmaður.

Rúrik fór enn fremur á kostum í landsleik Íslendinga og Norðmanna á laugardaginn og sýndi þá hversu öflugur leikmaður hann er orðinn. Rúrik var óhræddur að keyra á vörnina en um leið skynsamur í öllum sínum ákvörðunum. Það var líka augljóst að hann og Eiður Smári Guðjohnsen náðu mjög vel saman á vellinum.

Tipsbladet segir í umfjöllun sinni um Rúrik að hann hafi þegar unnið hug og hjörtu stuðningsmanna OB og að það sé erfitt að sjá hvað stoppi hann.

Rúrik er líka hrósað fyrir bæði sóknarleik og varnarleik og Tipsbladet er á því að kaup OB hafi þegar borgað sig. Odense Boldklub keypti Rúrik frá Viborg FF í haust. Rúrik er aðeins 21 árs gamall og á því sannarlega framtíðina fyrir sér í fótboltanum.

Odense Boldklub er sem stendur í 3.til 4. sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir toppliði AGF. Rúrik er einn af þremur liðsmönnum OB sem er í liði ágústmánaðar en hinir eru varnarmaðurinn Espen Ruud og sóknarmaðurinn Peter Utaka.

Rúrik verður ekki með íslenska landsliðinu á móti Georgíu í kvöld þar sem hann spilaði með 21 árs landsliðinu í Norður-Írlandi í gær. Það má búast við því að hann verði í byrjunarliðinu í æfingaleik á móti Suður-Afríku sem fram fer á Laugardalsvelliðum í október.

- óbj



GÓÐUR Rúrik Gíslason átti mjög góðan leik á móti Norðmönnum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÓDÝRT ALLA DAGA!

Freschetta pizza
og pepsi

499 kr.

Freschetta
XL pizza og
2x33 cl Pepsi dós

11.11

alltaf í leiðinni!

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Umsóknarfrestur vegna Leiðangursstyrks 66°Norður rennur út 15. september

66°Norður veitir árlega tvo leiðangursstyrki að andvirði 500.000 kr. Nú er komið að því að veita styrk til krefjandi leiðangra á nýjar slóðir.

Hægt er að sækja um á www.66north.is

> Raquel Welch

„Það er hefð fyrir því að upphefja fallegar konur í Bandaríkjunum og ég er stolt yfir því að hafa um tíma verið á þeim stalli en það fylgdi því ákveðin frels-issvipting sem ég óska engum manni.“

Welch fer með hlutverk í þættinum Welcome to the Captain sem Skjár einn sýnir kl. 20.30.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON VELUR MORGUNÞÁTT

Eftirsjá að morgunþætti á Gufunni

Hvað skyldi búa að baki þeirri ákvörðun Sigrúnar Stef-ánsdóttur, dagskrárstjóra hljóðvarps, að hætta flutningi þátta um dægurmál snemma á morgnana á rás 1 Ríkisútvarpsins? Óðinn Jónsson fréttastjóri hefur líklega haft eitthvað um þetta að segja en ágætur fréttatengdur þáttur fyrir niu er nú úr leik og í hans stað kominn á dagskrá mjúkur þáttur Hönnu G. Sigurðardóttur og á eftir honum fylgir KK með sitt músik-prógramm. Það á sem sagt að hrekja mann yfir á aðra rás á þessum tíma. Á rás 2 eru Lára Ómars og Freyr með dægurtengdan þátt en á Bylgjunni eru Heimir og Kolla. Báðir þættirnir eru á svipuðum nótum og nú verður að velja. Eftir smáupprifjun verður niðurstaðan líklega sú að maður fylgi Heimi og Kollu og láti yfir sig ganga auglýs-ingafarganið. Þau eru einfaldlega aðgangsharðari en hin tvö, en allt er þetta mikið poppað og hress.

Það er eftirsjá að alvarlegum morgunþætti á Gufunni.

Breytingin sýnir eitthvert vingl um dagskrárvip Gufunnar gömlu, rétt eins og fólk sé að tapa fókus. En líklega er þetta stutt einhverjum gögnum um hlustun. Líkast til verður raunin sú að maður hoppar yfir á BBC World – nú eða hitt – slekkur á útvarpinu.

Vitaskuld ætti ríkisútvarpið að halda úti metnað-arfullum þætti á rás 1. Í hann mætti draga ýmislegt efni úr mörgum hornum dagskrárinnar, nýta hann til kynningar á því sem vændum er í spjallþættum nýhafins dags. Þetta er í raun gróf tuilraun til að taka hinn árvaka eldri hlustendahóp Gufunnar úr tengslum við samfélagslega umræðu. Og sannið til: mælingar á Hönnu og KK munu á næstu vikum sýna að þetta var misráðið.



MIÐVIKUDAGUR



► **18.55 England – Króatía, beint** STÖÐ 2 SPORT



► **21.00 She's Got The Look - NÝTT** SKJÁREINN



► **21.25 Medium** STÖÐ 2



► **21.30 Kiljan** SJÓNVARPIÐ



► **21.40 Little Britain** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.05 Út og suður (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Púkka (23:26)

17.55 Gurra grís (102:104)

18.00 Disneystundin Gló magnaða, SÍ-gildar teiknimyndir og Stjáni.

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.15 Veðurfréttir

19.25 Landsleikur í fótbolta (Ísland - Georgía) Bein útsending frá vináttulandsleik karlalíða Íslands og Georgíu.

► **21.30 Kiljan** Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.

22.15 Tíufréttir

22.30 Veðurfréttir

22.40 Saga U2 hjá BBC (U2 = BBC - The History) Í myndinni eru sýndar upp-tökur BBC frá 30 ára ferli írsku rokkhljómsveitarinnar U2. Tónleikamynd með hljómsveitinni verður sýnd laugardaginn 12. sept-ember.

23.30 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 The Truth About Love

10.00 Red Riding Hood

12.00 Bowfinger

14.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny

16.00 The Truth About Love

18.00 Red Riding Hood Klassískt ævintýri um unga stúlku sem býr í skógin-um ásamt móður sinni. Harðstjórinn, frændi hennar ræður þar ríkjum og ákveður að koma stúlkunni fyrir kattarnef og fær til þess óvenjulega aðstoð.

20.00 Bowfinger Gamanmynd með Steve Martin og Eddie Murphy í aðalhlut-verkum. Bobby K. Bowfinger er misheppn-aður kvikmyndaframleiðandi í Hollywood en hann er staðráðinn í að slá í gegn og legg-ur allt í söluarnar.

22.00 The Last Time

00.00 Man in the Iron Mask

02.10 Back in the Day

04.00 The Last Time

06.00 Fíaskó

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.20 Tekinn 2 (10:14)

11.00 Gilmore Girls

11.45 Monarch Cove (4:14)

12.35 Nágrannar

13.00 Aliens in America (3:18)

13.40 The Loop (6:10)

14.15 The O.C. 2 (12:24)

15.00 E.R. (7:22)

15.45 Barnatími Stöðvar Leðurblöku-maðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (20:25)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons (19:22)

20.10 Supernanny (6:20) Ofurfóstran Jo Frost aðstoðar ráðþrota fólk við að ala upp óferjandi ólátabelgi og gefur uppeldisráð sem skila árangri.

20.55 Ástríður (4:12)

► **21.25 Medium** (4:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega hluti sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni við rannsókn ým-issa mála og er hún því gjarnan kölluð til að-stoðar.

22.10 Monarch Cove (13:14) Rómant-ískir dramapættir um konu sem snýr aftur til heimabæjar síns eftir að hafa afplánað sex ára fangelsisdóm fyrir morð á föður sínum.

22.55 Love You to Death (12:13)

23.20 Sex and the City (5:18)

23.50 In Treatment (17:43)

00.20 Eleventh Hour (7:18)

01.05 E.R. (7:22)

01.50 Sjáðu

02.20 Be Cool

04.15 Medium (4:19)

05.00 Ástríður (4:12)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

17.30 Gillette World Sport 2009 Fjöl-breyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggst á bak við tjöldin.

18.00 Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

18.55 England - Króatía Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

► **21.00 Ungverjaland - Portúgal** Út-sending frá leik í undankeppni HM. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 18.40.

22.45 24/7 Mayweather - Marquez Hitað upp fyrir bardaga Floyd Mayweather og Marquez. Skyggst á bak við tjöldin og undir-búningur þeirra fyrir bardagann skoðaður.

23.15 England - Króatía Útsending frá leik í undankeppni HM.

00.55 Brazil - Chile Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

SPORT 2

enski boltinn

17.50 Season Highlights 2002/2003 Allar leiktiðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

18.45 Goals of the season Öll glæsileg-ustu mörk hvernar leiktiðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

19.40 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaum-gæfilega.

20.35 Coca Cola mörkin 2009/2010

Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deild-inni. Öll flottustu mörkin og tilþrífín á einum stað.

21.05 West Ham - Tottenham Útsend-ing frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.45 Blackburn - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dynasty (46:88) (e)

08.50 Pepsi MAX tónlist

17.30 Dynasty (47:88) Blake Carrington stýrir oliufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.

18.20 Style Her Famous (19:20) (e)

18.50 Design Star (7:9) (e)

19.40 Psych (12:16) (e)

20.30 Welcome to the Captain (4:5) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan hóp fólks sem býr í sömu byggingu í Holly-wood. Strákamir ætla út að skemmta sér til að hjálpa Josh að komast yfir Hope.

► **21.00 She's Got The Look - NÝTT** (1:6) Ný þáttaröð þar sem kvenleg feður fær að njóta sín. Í þessari fyrirsætukeppni fá lífsreynðar og þroskaðar konur að sýna sig og sanna. Aldurstakmarkið er 35 ára og þær geisla allar af feður.

21.50 Secret Diary Of A Call Girl (3:8) Skemmtileg og ógrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Bálræið eiginkona fastakúnna gerir Belle lífið leitt og hún fær efasemdir um sambandið við Alex.

22.20 Californication (3:12) (e)

22.55 Penn & Teller. Bullshit (55:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglam-ir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyga-laupa með öllum tilteknum ráðum.

23.25 Law & Order. Criminal Intent (16:22) (e)

00.15 The Dudesons (8:8) (e)

00.45 Pepsi MAX tónlist



20.00 Neytendavaktin Þáttur um mál-efni neytenda í umsjón Ragnhildar Guð-jónsdóttur.

20.30 Óli á Hrauni Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

21.00 Reykjavík – Ísafjörður– Reykja-vík Seinni hluti. Opinber heimsókn INN á höfuðstað Vestfjarða.

21.30 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

Dagskrá INN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

NORDISK FILM & TV FOND'S
HighFive.
KYNNA MEÐ STOLTI

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2009

Dagskrá og miðasala á

midi.is

græna ljósið

Háskólabíó
11.-13. september

ANDKRISTUR // LJÓSÁR // NORÐUR // QUEEN RAQUELA // SÁNA
5 VERÐLAUNAMYNDIR SÝNDAR AÐENS PESSA EINU HELGI



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Ástríður

Ný rómantísk gamanþátta-röð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harð-ari heimi ástarinnar. Þar veit hún sjaldnast í hvorn fótinn hún á að stíga og veðjar ósjaldan á rangan hest, jafnvel þótt sá rétti sé beint fyrir framan nefið á henni. Ástríður er ný og spennandi leikin gamanþáttaröð, full af rómantík og drama og með stórskemmtilegri skírskotun í íslenskan veruleika rétt fyrir hrún.

► VIÐ MÆLUM MED

Reykjavík - Ísafjörður - Reykjavík

INN kl. 21.00

Í sumar hafa Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson heimsótt nokkra af stærri kaupstöðum landsins og gert heimsóknum sínum góð skil í þáttum sínum hjá INN. Í kvöld verður sýndur seinni hluti af heimsókn þeirra félaga til Ísafjarðar og kennir þar ýmissa grasa s.s. heimsókn í Einarshús, Ösvör, gömlu verbúðirnar í Bolung-arvík og spjall við Birnu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst

06.50 Bæn

07.05 Vítt og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Trío

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfrægnir og auglýsingar

13.00 Vændi á Íslandi

14.03 Tónlistarklúbburinn

15.03 Útvarpssagan: Með hægð

15.25 Með flugu í höfðinu

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.50 Dánarfrægnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Fólk og fræði

21.10 Út um græna grundu

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Bláar nótur í bland

23.00 Ísland og Evrópusambandið

FM 88,5

FM 90,9

FM 91,9

FM 93,5

FM 95,7

XA-Radíó

Gullbylgjan

Kaninn

Rás 1

FM957

FM 96,3

FM 96,7

FM 97,7

FM 98,9

FM 99,4

FM Suðurland

Létt Bylgjan

X-ið

Bylgjan

Útvarp Saga

FM 90,1

FM 102,2

FM 102,9

FM 105,5

Rás 2

Útvarp Latibær

Lindin

Útvarp Boðun

EXTRA

16.30 Doctors (24:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem það greiðir úr eigin flækjum í einkalífnu.

17.00 Doctors (25:25)

17.30 Gilmore Girls Lorelay Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Það rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

18.15 Seinfeld (1:5) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

18.45 Doctors (24:25)

19.15 Doctors (25:25)

19.45 Gilmore Girls

20.30 Seinfeld (1:5)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

► 21.40 Little Britain (6:6) Þættirnir sem slógu í gegn með þeim félögum Matt Lucas og David Williams.

22.10 Chuck (1:22) Önnur serían spennuþátta um Chuck Bartowski sem var ósköp venjulegur nörd þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

22.55 Burn Notice (1:16) Önnur serían af fyndinni spennuþáttaröð þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnaarinn Michael Westen skildi við okkur í lok síðustu þáttaraðar á leið sinni að hitta þann sem "brenndi" hann. Hvað tekur við hjá honum eftir það og kemst hann að því hver var örlagavaldur hans?

23.40 Sjáðu

00.10 Fréttir Stöðvar 2

01.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBCentertainment

12.00 Lab Rats 12.30 Never Better 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 Lab Rats 15.15 Never Better 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 No Heroics 18.30 Never Better 19.00 Lab Rats 19.30 Absolutely Fabulous 20.00 The Inspector Lynley Mysteries 20.45 No Heroics 21.10 Never Better 21.40 Lab Rats 22.10 Absolutely Fabulous 22.45 EastEnders 23.15 The Weakest Link

DR 1

12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Pigeme Mod Drengene 14.30 Braceface 14.50 Højspændingsmanden og Robotdrene 15.00 Ninja Turtles 15.20 Oggy og kakerlakkerne 15.30 PLING BING 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 Tæt på. Tretten børn og flere i vente 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 Taggart 21.40 OBS 21.45 Onsdags Lotto 21.50 Dodens detektiver 22.10 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Sametingsvalget 2009 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjukehuset i Aidsensfield 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 På fisketur med Bård og Lars 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Olivia 16.10 Ugler i mosen 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerspektorene 17.55 Velg! 09 18.50 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Læerne 20.10 Vikinglotto 20.20 Sporlost forsvunnet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Arvesynd 22.05 Olje! 22.55 En klegg i dress 23.25 Kulturytt

SVT 1

12.10 Flottan dansar 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Ålskade, hatade fört 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Livvakerna 20.00 True Blood 20.55 Kulturyheterna 21.10 Himmelblå 21.55 Den stora resan 22.55 Studio 60 on the Sunset Strip 23.40 Dr Åsa

SPORT

besta sætið

MEISTARADEILDIN

HEFST Á ÞRIÐJUDAGINN

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA

A RIÐILL

BAYERN MÜNCHEN

JUVENTUS

BORDEAUX

MACCABI HAIFA

B RIÐILL

MANCHESTER UNITED

WOLFSBURG

CSKA MOSKVA

BESIKTAS

C RIÐILL

AC MILAN

ZÜRICH

REAL MADRID

MARSEILLE

D RIÐILL

APOEL

CHELSEA

PORTO

ATLÉTICO DE MADRID

E RIÐILL

FIorentina

LIVERPOOL

DEBRECENI

LYON

F RIÐILL

RUBIN KAZAN

INTER MILAN

BARCELONA

DYNAMO KYIV

G RIÐILL

UNIREA URZICENI

STUTT GART

RANGERS

SEVILLA

H RIÐILL

ARSENAL

OLYMPIACOS

AZ ALKMAAR

R. STANDARD DE LIÈGE

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Á tveimur stöðum reyni ég alltaf að stoppa. Í Gamla bænum í Mývatnsveit fæ ég mér kjötsúpu og hverarúgbrauð með reyktum silungi, en í Litlu kaffi-stofunni fæ ég mér heimabakað brauð með laxi og eggjum.“

Gísli Einarsson fjölmiðlamaður.

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

LÁRÉTT 2. þó, 6. tveir eins, 8. fley, 9. kvk nafn, 11. ekki heldur, 12. aðfall, 14. rabb, 16. hróp, 17. útsæði, 18. soðningur, 20. hreyfing, 21. nabbi.

LÓÐRÉTT 1. brenna, 3. frá, 4. braskari, 5. bjálki, 7. orðrómur, 10. þrá, 13. heyskaparamboð, 15. matur, 16. rjúka, 19. tveir eins.

LAUSN

FAÐIÐ: 1. '61, 2. '61, 3. '61, 4. '61, 5. '61, 6. '61, 7. '61, 8. '61, 9. '61, 10. '61, 11. '61, 12. '61, 13. '61, 14. '61, 15. '61.

LÓÐRÉTT: 1. '61, 2. '61, 3. '61, 4. '61, 5. '61, 6. '61, 7. '61, 8. '61, 9. '61, 10. '61, 11. '61, 12. '61, 13. '61, 14. '61, 15. '61.

LÁRÉTT: 2. samt, 3. samt, 4. samt, 5. samt, 6. samt, 7. samt, 8. samt, 9. samt, 10. samt, 11. samt, 12. samt, 13. samt, 14. samt, 15. samt, 16. samt, 17. samt, 18. samt, 19. samt, 20. samt, 21. samt.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1 Skúli Helgason.

2 Árni Múli Jónasson.

3 Leyfi til að ganga í karlakór.

Visindavaka 2009



Visinda Vaka

Opið hús!

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

Föstudaginn 25. september

kl. 17:00 til 22:00

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!

rannís

NÚNA SPÖRUM VIÐ.

ALLUR FISKUR*

1.190

-SAMA HVAÐ ÞAÐ ER-

T.d.

Stórlúða, Smálúða,

Rauðspretta

o.fl. o.fl.



Sogavegur

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA

*(ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI, GILDIR EKKI UM FROSINN FISK)

SJÁUMST ELDRHRESS Í DAG.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

26

FRÉTTABLAÐIÐ

9. september 2009

MÍÐVIKUDAGUR

Reykir rafeinda-rettur

Þegar iðjuþjálfinn Sigurður Hólm Gunnarsson sest inn á kaffihús, dregur upp rettu og byrjar að reykja, verður eðlilega uppi fótur og fit. Hann er þó í fullum rétti enda ekki að reykja „venjulega sígarettu“ heldur fyrirbæri sem hann pantaði á netinu og heitir e-cigarette, rafeinda-retta. Þessar gervirettur líta mjög „eðlilega“ út og það rýkur meira að segja úr þeim.

„Fyrst þegar ég var að prófa þetta komu stundum filefldir dyraverðir aðvifandi. Þeir urðu náttúrliga furðulostnir þegar ég útskýrði sígarettuna fyrir þeim og vissu ekki ert hvað þeir áttu að gera,“ segir Sigurður.

„Ég viðurkenni að ég er enginn stórreykingamaður og byrjaði seint að reykja, en þegar ég sá þetta á vafri mínu um netið pantaði ég nokkrar tegundir. Ég fæ mér af og til „venjulega“ sígarettu þegar mig langar til, en rafeinda-rettan hefur þó dregið stórlega úr

því. Ég get verið sígarettulaus vikum saman,“ segir hann. Rafeinda-rettan skiptist í þrjá hluta; batterí, nikótínhylki og hitara. Ýmsar tegundir hylkja má kaupa með ýmsum bragðtegundum. „Í hylkinu er auk nikótínsins sama efni og er í reykvélum á skemmtistöðum og býr til reyk,“ segir Sigurður. „Þessar sígarettur slá algjörlega við öllum nikótínlyfjum sem boðið er upp á og eru auk þess mörgum sinnum ódýrari. Þær líkja þó mest eftir fílingnum við það að reykja og áhrifin eru sambærileg.“

E-sígarettan er fánæg í vefverslunum um allan heim og í mörgum tóbaksbúðum. Ekki er þó hlaupið að því að fá hana hér. „Nikótín er skilgreint sem lyf og því má ekki flytja þetta inn nema vera með lyfsöluleyfi. Ég hef sjálfur reynt að flytja þessar sígarettur inn en gefist upp á að reyna það því reglurnar eru svo stífar og flóknar,“ segir Sigurður.

- drg



RAFEINDA-RETTAN Batteríið er hlaðið í tölvunni og nikótínhylkin má panta sér.



SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON Rafeinda-rettan hefur dregið úr „venjulegum“ reykningum hans.



ANDREI UPPLIFAÐ ANNAÐ EINS Andrew Lockhart hefur unnið í tiskubransanum í tuttugu ár. Hann segir tiskuvíkuna íslensku hafa verið klúður.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ANDREW LOCKHART: ÞIÐUR TÍSKUHEIMINN AFSÖKUNAR

Hefur ekki séð annað eins klúður á tuttugu ára ferli

„Þetta hafði alla burði til að verða stórkostlegur viðburður og þetta hefði átt að vera stórkostlegt. Ég var búinn að leggja mikið á mig til að fá hingað fjölmiðlafólk frá ýmsum þekktum tiskutímaritum og unga, efnilega hönnuði og þess vegna finnst mér mjög miður að svona skyldi fara,“ segir Andrew Lockhart, einn skipuleggjenda Iceland Fashion Week. Fréttablaðið greindi frá því í gær að allt hefði farið í háaloft á tiskuvíkunni eftir ósætti milli hönnuða og Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur, stjórnanda hátíðarinnar. Mikið hefur verið fjallað um atburðinn í erlendum fjölmiðlum og segir bandaríski blaðamaðurinn Cator Sparks að hátíðin hafi verið hræðileg. Þess má geta að hinn virti tiskubloggari Diane Permet skrifaði grein um ófagmannlega

framkomu Kolbrúnar síðast þegar hátíðin var haldin árið 2005.

„Ég hef unnið í tiskubransanum í tuttugu ár og hef aldrei orðið vitni að öðru eins. En sem betur fer má segja að úr ösku Iceland Fashion Week hafi risið nýr viðburður sem var skapaður af þeim ungu hönnuðum sem sýndu á Nasa á laugardag,“ segir Lockhart. Nokkrum hönnuðum sýningarinnar þótti nóg komið þegar þeir áttu að sýna á rennvotum palli við afar slæmar aðstæður og ákváðu því að taka ekki þátt í tiskusýningunni á ljósanótt á laugardag.

„Kolbrún Aðalsteinsdóttir, eigandi hátíðarinnar, vildi alls ekki koma til móts við hönnuðina á nokkurn hátt. Það endaði með því að við færðum sýninguna á Nasa og var það gert í óþökk Kolbrúnar.

Mér þótti þetta mjög leitt því ég hef verið vinur Kolbrúnar í mörg ár, en ég varð að taka ákvörðun fyrst og fremst á faglegum forsendum.“ Andrew hefur komið að skipulagningu tiskusýningarinnar allt frá árinu 2003 en segir að þetta verði í síðasta sinn sem hann setji nafn sitt við þennan viðburð. „Þetta er í síðasta sinn sem ég mun koma að þessari tiskuvíku, en ég held ekki að Kolbrún muni gefast upp. Ég held að hún muni halda áfram að vinna að Iceland Fashion Week. Ég fyrir mína parta biðst afsökunar á þessu klúðri og vona innilega að umfjöllun um tiskuvíkuna í erlendum fjölmiðlum einblíni ekki aðeins á hið neikvæða. Margir lögðu allt sitt undir til að koma til Íslands og fá að vera með og þeir eiga betra skilið en þetta.“

sara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Gríðarleg hamingja ríkir nú í herbúðum hljómsveitarinnar Nýðanskrar þar sem von er á tveimur litlum krílum á næstu dögum. **Hildur Vala Einarssdóttir**, sambýliskona Jóns Ólafssonar, er komin á steypirinn og Kitty Von-

Sometime, sambýliskona Daniels Ágústs, er á svipuðu róli með myndarlega kúlu.

Slúðurvefurinn Gawker greinir frá því að brestir séu komnir í samband þeirra **Bjarkar Guðmundsdóttur** og Matthew Barneys. Fréttablaðið spurðist fyrir um sannleiksgildi þeirra fregna og samkvæmt íslenskum vinum parsins er ekkert að marka þetta. Nema hvað.


Rithöfundurinn **Mikael Torfason** prýðir auglýsinga-spjöld fyrir Herþjálfun í Egilshöll sem birt eru á strætisvögnum höfuðborgarinnar. Mikael virkar vel á sig kominn sem ætti að koma sér vel í komandi jólabókaflóði en þá er von á fyrstu skáldsögu hans í langan tíma. Bókin kallast Vormenn Íslands og ætti að vekja athygli eins og hans er von og vísa.

Rithöfundurinn **Sofi Oksanen** sem væntanleg var hingað til lands sem gestur Bókmenntahátíðar í Reykjavík hefur afboðað komu sína vegna veikinda. Óstaðfestar fregnir herma að hún hafi greinst með svínafleusu.

Svínafleusan herjar á fleiri en finnska rithöfunda. Allir liðsmenn Síðdegisútvarpsins á Rás 2 greindust með svínafleusu í liðinni viku. Þurfti að kalla inn auka mannskap fyrir þau Guðmund Pálsson, Lindu Blöndal og **Erlu Ragnarsdóttur**. Premeningarnir hafa nú náð fullri heilsu og eru sest að nýju við hljóðnemana.

- afb/hdm

Semur fyrir Bjarnfreðarson



MIKILL HEIÐUR Þétur semur tónlistina fyrir lokakaflann um Georg, Ólaf Ragnar og Daniel.

Það sé mikill heiður að fá að vinna tónlistina í þessa mynd og kvikmyndir almennt. Þar sem hann er einn af örfáum sem hafa séð myndina er ekki hægt að sleppa honum án þess að spyrja hvernig hún sé. „Þetta er frábær mynd,“ segir Þétur. „En ég segi ekki meira!“

- afb

DAUÐINN GEYMDI ÞAÐ BESTA FYRIR **3D**
FRUMSÝND 11. SEPTEMBER



THE FINAL DESTINATION



**10. HVER
VINNUR!**

*SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL FD4**
Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!*

*Vinningar eru: Bíómiðar · Tölvuleikir
Fullt af Pepsi · DVD og margt fleira!*

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb





BAKKANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

Minnisvarðinn

NÚ fer eins og eldur í sinu um óra-
viddir internetsins hvatningarboð-
skapur um að reisa eigi líkneskju,
ellegar einhvers konar minnis-
merki, um Helga Hóseasson. Hug-
myndin er góðra gjalda verð, enda
meira um vert að minnast manns
sem stóð á rétti sínum einn og
óstuddur gegn kerfisbákninu, en
góðskálda og broddborgara þessa
lands.

HELGI barðist fyrir því áratugum
saman að ógiltir yrðu þeir samn-
ingar sem hann taldi að komið
hefði verið á fyrir sína hönd, milli
hans og guðs. Skírður var hann
ómálga barn og gat litlu um það
ráðið. Fermdur var hann unglings-
grey og sagðist lítt hafa verið til
þess fallinn á svo ungum aldri að
hafa skoðun á þeim gjörningi. Til
vits og ára kominn vildi hann því
að þessum samningum yrði rift;
enda ekki gerðir með hans fullri
vitund, ef svo má segja.

ÆTLI menn sér að minnast Helga
á einhvern máta, væri kannski nær
að horfa til þeirra málefna sem
hann mótmælti, heldur en þeirrar
staðreyndar sjálfrar að hann hafi
yfir höfuð mótmælt. Enn er það
kerfi við lýði hér að sé móðir barns
skráð í trúfélag við fæðingu barns-
ins verður það ósjálfrátt hluti af
því trúfélagi. Það á vissulega við
um öll trúfélög, en barnaskapur er
að láta eins og það komi ekki þjóð-
kirkjunni best; sem bjó við einok-
unarvald í þessum efnun öldum
saman.

OG ekki hefur kirkjunnar mönn-
um þótt tilhlýðilegt að hækka
fermingaraldur. Ferming var til
forna miðuð við þann aldur er
unglingar komust í tölu fullorðinna
og ætti því að vera við 18 ára aldur
í dag, ekki 13 ára. Hví ríghaldið er
í 13 ára aldurinn er óskiljanlegt.
Þá þarf engum blöðum um það að
fletta að þjóðkirkjan nýtur sögu
sinnar og sérstöðu miðað við aðra
trúfélök. Og þótt menn vitni í
námskrár þarf varla að deila um
að staða kristni innan skóla – víð-
ast hvar – er önnur og betri en ann-
arra trúarbragða.

FRIDARMÁLIN voru Helga einn-
ig hugleikin og hann var einlæg-
lega á móti ofbeldi. Íraksstríðinu
mótmælti hann oftast en flestir
aðrir, þó ekki hafi verið hlustað á
hann frekar en aðra landsmenn í
það sinnið.

MINNUMST Helga endilega,
en stofnum frekar til hópa um að
vinna að þessum baráttumálum
hans. Fengi hann að velja á milli
fullnaðarsigurs í þeim eða líkn-
eskis, myndi hann traúla velja
það síðarnefnda.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 9. sept-
ember 2009, 252. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.34	13.25	20.14
Akureyri	6.15	13.10	20.03

Heimild: Almanak Háskólans

SÍÐUSTU
DAGAR
ÚTSÖLU

ÚTSÖLUNNI LÝKUR
Á LAUGARDAGINN!

25-70%
AFSLÁTTUR

KING KOIL
Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)
FRÁ kr.
99.850

SVEFNSÓFAR
25 TIL
30%
AFSLÁTTUR

HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR

rekkjan

H E I L S U R Ú M